

Miðvikudaginn 18. desember 1968.

Nr. 96/1968. **Ellí- og hjúkrunarheimilið Grund**

(Magnús Thorlacius hrl.)

gegn

**Guðrúnu Guðmundsdóttur f. h. dánarbús
Jóns Guðjónssonar, vegna sjálfrar sín og fyrir
hönd ólögráða barna sinna, Ásdísar og
Ingibjargar Jónsdætra, og Guðjóni Jónssyni
og gagnsök (Sigurður Ólason hrl.).**

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómara Hæstaréttar.

Vinnuslys. Skaðabótamál. Sératkvæði.

Dómur Hæstaréttar.

Aðaláfrýjandi hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 22. maí 1968 og krefst sýknu af kröfum gagnáfrýjenda og málskostnaðar úr þeirra hendi bæði í héraði og hér fyrir dómi.

Gagnáfrýjendur hafa áfrýjað máli þessu með stefnu 23. nóvember 1968, að fengnu áfrýjunarleyfi 20. s. m. Krefjast þeir þess, að aðaláfrýjanda verði dæmt að greiða þeim samtals kr. 1.915.430.00 auk 7% ársvaxta af kr. 443.896.00 frá 30. marz 1960 til 21. júlí sama ár, 7% ársvaxta af kr. 1.915.430.00 frá þeim degi til 1. janúar 1965, 6% ársvaxta frá þeim degi til 1. janúar 1966 og 7% ársvaxta frá þeim degi til greiðsludags. Þá krefjast þeir og málskostnaðar úr hendi aðaláfrýjanda í héraði og fyrir Hæstarétti.

I.

Málavöxtum er rækilega lýst í héraðsdómi. Af gögnum málsins, sérstaklega tilkynningu aðaláfrýjanda til Tryggingastofnunar ríkisins 28. marz 1952 um slys það, sem um er fjallað í máli þessu, og vottorði Alfreðs Gíslasonar lækni 27. marz 1952 um meiðsl Jóns heitins Guðjónssonar, þykir í ljós leitt, að sprenging hafi orðið í ketilhúsi þvottahúss aðaláfrýjanda 28. febrúar 1952 og við það hafi Jón heitinn hlotið

áfall. Eigi er í ljós leitt um orsakir sprengingar þessarar, en aðaláfrýjandi tilkynnti eigi Öryggiseftirliti ríkisins um slysið samkvæmt 26. gr. laga nr. 23/1952 né óskaði rannsóknar samkvæmt 12. tl. 2. gr. laga nr. 27/1951, sem þá giltu um þessi efni. Það virðist hins vegar ljóst, að sprengingin hafi orðið annað hvort vegna bilunar á tækjum eða vegna lélegrar umhirðu. Ber aðaláfrýjandi því fébótaábyrgð á tjóni því, sem gagnáfrýjendur hafa orðið fyrir af þessum sökum. Í skýrslu Jóns heitins Guðjónssonar, sem talin er rituð í ágústmánuði 1959, lýsir hann starfssviði sínu hjá aðaláfrýjanda þannig: „Verksvið mitt hjá Elliheimilinu var að halda við rafmagnslögnum og tækjum. Einnig vann ég við viðhald á vélum, þótt það hafi ekki tilheyrt mínu fagi, ef tími vannst til og með þurfti eða ég var um það beðinn. Þar á meðal var oliukynding, sem hitaði upp gufuketil, sem aftur var notaður til starfrækslu við þvottahúsið“. Í skýrslu þessari getur Jón heitinn þess, svo sem orðrétt er rakið í héraðsdómi, að hann hafi talið umbúnað og frágang ketils þessa og kyndingartækja á ýmsan hátt ábótavant og jafnvel hættulegan. Hafi hann kvartað um þetta við fyrirsvarsmann aðaláfrýjanda, án þess að úr væri bætt. Athurðinum 28. febrúar 1952 lýsir Jón heitinn svo í skýrslu þessari: „Svo skeður það hinn 28. febrúar 1952, að ég er að vinna í aðalbyggingu Elliheimilisins og varð litið út um gluggann og sé þá, að mikinn reyk leggur upp úr reykháf þvottahússins og varð þá ljóst, að ekki mundi allt vera með felldu með oliukyndinguna. Fór ég þá tafarlaust út og inn í ketilhúsið til þess að reyna að koma í veg fyrir frekara hættuástand eða tjón, og skipti það engum togum, að sprenging verður í eldholinu, um leið og ég kem inn, og reyndist hurð eldholsins sprungin frá og allur glugginn úr ketilhúsinu, en ég mun hafa skollið upp að vegg, enda missti ég meðvitund á samri stundu“.

Svo sem rakið er í héraðsdómi, var Jón heitinn rafvirki að menntun og hafði unnið að þessum störfum nokkur ár. Var hann því kunnugur tækjum þeim, sem um er fjallað í málinu. Mátti honum því vera ljóst, að hættulegt gat verið að fara inn í ketilhúsið, eins og á stóð, og verður að meta

honum það til óvarkárni. Ber því að skipta fébótaábyrgð slyss þessa, og þykir hæfilegt, að aðaláfrýjandi bæti tjón gagnáfrýjanda að $\frac{3}{4}$ hlutum.

Fallast má á rök héraðsdóms fyrir því, að sjúkleiki Jóns heitins eftir slysið sé afleiðing fyrrgreinds slyss.

Svo sem í héraðsdómi greinir, andaðist Jón heitinn 21. júlí 1960. Í áliti Læknaráðs 9. marz 1965 segir um dánarorsakir, að líklegt verði að teljast, „að heilsubrestur Jóns af völdum slyssins hafi að minnsta kosti verið meðverkandi orsök að dauða hans“.

II.

Kröfur sínar sundurliða gagnáfrýjendur þannig:

A. Bætur til dánarbús Jóns Guðjónssonar:

- | | | |
|---|-----|------------|
| 1. Bætur vegna örorku Jóns heitins frá slysdegi til dánardags | kr. | 153.896.00 |
| 2. Kostnaður Jóns heitins, aðallega vegna ferða til Kaupmannahafnar . . | — | 50.000.00 |
| 3. Bætur fyrir þjáningar Jóns heitins og röskun á högum hans og stöðu — | | 240.000.00 |

Samtals kr. 443.896.00

B. Bætur til Guðrúnar Guðmundsdóttur:

- | | | |
|---|-----|------------|
| 1. Bætur fyrir missi framfæranda . . | kr. | 878.066.00 |
| 2. Bætur fyrir röskun á stöðu og högum — | | 250.000.00 |
| 3. Útfararkostnaður Jóns heitins Guðjónssonar | — | 10.000.00 |

Samtals kr. 1.138.066.00

C. Bætur til Ásdísar Jónsdóttur:

- | | | |
|--|-----|-----------|
| 1. Bætur fyrir missi framfæranda . . | kr. | 65.209.00 |
| 2. Bætur fyrir röskun á stöðu og högum — | | 75.000.00 |

Samtals kr. 140.209.00

D. Bætur til Ingibjargar Jónsdóttur:

1. Bætur fyrir missi framfæranda .. kr.	42.069.00
2. Bætur fyrir röskun á stöðu og högum —	75.000.00

Samtals kr. 117.069.00

E. Bætur til Guðjóns Jónssonar:

1. Bætur fyrir missi framfæranda .. kr.	1.190.00
2. Bætur fyrir röskun á stöðu og högum —	75.000.00

Samtals kr. 76.190.00

Verða nú einstakir kröfuliðir teknir til athugunar.

Um kröfulið A.

1. Fram hefur nú komið, að Tryggingastofnun ríkisins hefur á árunum 1952 til 1954 greitt Jóni heitnum Guðjónssyni dagpeninga vegna slyss þessa, samtals kr. 21.056.16. Þegar gætt er þess, að bætur sem þessar eru undanþegnar tekjuskatti og tekjuútsvari, og svo annarra þeirra atriða, er hér ber að hafa í huga, þykir óbætt heildartjón samkvæmt þessum lið hæfilega ákveðið kr. 100.000.00.

2. Fallast má á úrlausn héraðsdóms um þennan lið og taka hann til greina með kr. 15.000.00.

3. Tjón samkvæmt þessum kröfulið er hæfilega ákveðið í héraðsdómi, kr. 60.000.00.

Óbætt heildartjón samkvæmt þessum kröfulið telst því kr. 175.000.00 (100.000.00 + 15.000.00 + 60.000.00). Ber aðaláfrýjanda að bæta $\frac{3}{4}$ hluta þess, eða kr. 131.250.00, með 7% ársvöxtum frá 30. marz 1960 til 1. janúar 1965, 6% ársvöxtum frá þeim degi til 1. janúar 1966 og 7% ársvöxtum frá þeim degi til greiðsludags.

Um kröfulið B.

1. Guðjón Hansen tryggingafræðingur hefur 27. marz 1968 reiknað með líkindatölum fjárhagstjón gagnáfrýjandans Guðrúnar vegna missis framfæranda. Telur tryggingafræðingurinn tjónið nema kr. 941.066.00 miðað við dánardag Jóns

heitins Guðjónssonar. Verðmæti ekkjubóta og mæðrالاuna, sem Guðrún fær frá Tryggingastofnun ríkisins, telur hann miðað við sama dag kr. 63.000.00. Þegar þess er gætt, að bætur sem þessar eru undanþegnar tekjuskatti og tekjuútsvari, og höfð í huga þau önnur atvik máls þessa, sem hér skipta máli, þykir óbætt fjárhagstjón gagnáfrýjanda Guðrúnar að þessu leyti hæfilega ákveðið kr. 550.000.00.

2. Tjón samkvæmt þessum lið er hæfilega ákveðið kr. 100.000.00.

3. Kröfu gagnáfrýjanda Guðrúnar um útfararkostnað þykir í hóf stillt, og verður þessi liður því tekinn til greina að öllu leyti með kr. 10.000.00.

Óbætt heildartjón samkvæmt þessum kröfulið telst því nema kr. 660.000.00. Ber aðaláfrýjanda að bæta $\frac{3}{4}$ hluta þess, eða kr. 495.000.00, auk vaxta, svo sem síðar verður greint.

Um kröfuliði C, D og E.

Fallast má á úrlausn héraðsdóms um tjón gagnáfrýjanda samkvæmt þessum kröfuliðum. Ber aðaláfrýjanda að bæta tjón hvers aðilja að $\frac{3}{4}$ hlutum, eða kr. 67.500.00 til Ásdísar Jónsdóttur, kr. 56.250.00 til Ingibjargar Jónsdóttur og kr. 30.000.00 til Guðjóns Jónssonar, auk vaxta af hverri fjárhæð.

Aðaláfrýjanda ber að greiða vexti af hverri fjárhæð samkvæmt kröfuliðum B, C, D og E, 7% ársvexti frá 21. júlí 1960 til 1. janúar 1965, 6% ársvexti frá þeim degi til 1. janúar 1966 og 7% ársvexti frá þeim degi til greiðsludags.

Þá ber og að dæma aðaláfrýjanda til að greiða málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti, samtals kr. 175.000.00.

Dómsorð:

Aðaláfrýjandi, Elli- og hjúkrunarheimilið Grund, greiði gagnáfrýjanda Guðrúnu Guðmundsdóttur:

1. F. h. dánarbús Jóns Guðjónssonar kr. 131.250.00 með 7% ársvöxtum frá 30. marz 1960 til 1. janúar 1965,

6% ársvöxtum frá þeim degi til 1. janúar 1966 og 7% ársvöxtum frá þeim degi til greiðsludags.

2. Sjálfri kr. 495.000.00 með 7% ársvöxtum frá 21. júlí 1960 til 1. janúar 1965, 6% ársvöxtum frá þeim degi til 1. janúar 1966 og 7% ársvöxtum frá þeim degi til greiðsludags.

3. F. h. Ásdísar Jónsdóttur kr. 67.500.00 og f. h. Ingibjargar Jónsdóttur kr. 56.250.00 með 7% ársvöxtum af hvorri fjárhæð frá 21. júlí 1960 til 1. janúar 1965, 6% ársvöxtum frá þeim degi til 1. janúar 1966 og 7% ársvöxtum frá þeim degi til greiðsludags.

Aðaláfrýjandi greiði gagnáfrýjanda Guðjóni Jónssyni kr. 30.000.00 með 7% ársvöxtum frá 21. júlí 1960 til 1. janúar 1965, 6% ársvöxtum frá þeim degi til 1. janúar 1966 og 7% ársvöxtum frá þeim degi til greiðsludags.

Aðaláfrýjandi greiði gagnáfrýjendum málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti, samtals kr. 175.000.00.

Dóminum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

S é r a t k v æ ð i

Gizurar Bergsteinssonar hæstaréttardómara.

Í máli þessu eru dómendur Hæstaréttar sammála um málsatvik, mat á sönnunatriðum og reikning á tjóni, en eigi verður fallizt á skipting meiri hluta dómenda á ábyrgð.

Jón heitinn Guðjónsson sagði um kyndingartæki það, sem í málinu greinir, m. a.: „loftvifta, sem fæðir súrefni inn á eldholið, var drifin af kilreim, sem stundum vildi slakna á eða slitna, og myndaðist þá köfnun í katlinum og þar með sprengingarhætta, þegar olían streymdi inn í heitt eldholið. Enn fremur var fleira frágangi ábótavant“. Kvaðst Jón heitinn þess vegna ekki hafa verið „fullkomlega óhultur“ inni

í ketilhúsinu, „ef eitthvað kynni að bera út af“. Hinn 28. febrúar 1952 var hann að vinna í aðalbyggingu Elliheimilisins. Leit hann þá út um glugga og sá, að mikinn reyk lagði upp úr reykháfi þvottahússins, „og var þá ljóst, að ekki mundi vera allt með felldu með oliukyndinguna“. Fór hann þá tafarlaust út og inn í ketilhúsið. Skipti það þá engum togum að sögn hans, að sprenging varð í eldholinu, og sagðist hann hafa orðið fyrir áfalli af hennar völdum. Eins og gögnum málsins er háttað, verður að leggja þessa frásögn hans til grundvallar í málinu.

Samkvæmt sjálfs sín sögn var Jóni heitnum Guðjónssyni ljóst, þá er hann fór inn í ketilhúsið, að þar gerðust válegir atburðir. Hann hefur því viðhaft allmikið gáleysi. Þá er litið er annars vegar til ábyrgðar aðaláfrýjanda á hinu gallaða kyndingartæki, en hins vegar til ógætni Jóns heitins Guðjónssonar, sem var vanur starfsmaður og vissi, hvernig í pottinn var búið, er hæfilegt, að aðaláfrýjandi bæti gagnáfrýjendum tjónið að 60 hundraðshlutum.

Samkvæmt því, sem sagt var, ber að dæma aðaláfrýjanda, Elli- og hjúkrunarheimilið Grund, til að greiða gagnáfrýjanda Guðrúnu Guðmundsdóttur:

1. F. h. dánarbús Jóns Guðjónssonar 60% af kr. 175.000.00 (kr. 100.000.00 + kr. 15.000.00 + kr. 60.000.00), þ. e. kr. 105.000.00, með 7% ársvöxtum frá 30. marz 1960 til 1. janúar 1965, 6% ársvöxtum frá þeim degi til 1. janúar 1966 og 7% ársvöxtum frá þeim degi til greiðsludags.

2. Sjálfri 60% af kr. 660.000.00 (kr. 550.000.00 + kr. 100.000.00 + kr. 10.000.00), þ. e. kr. 396.000.00, með 7% ársvöxtum frá 21. júlí 1960 til 1. janúar 1965, 6% ársvöxtum frá þeim degi til 1. janúar 1966 og 7% ársvöxtum frá þeim degi til greiðsludags.

3. F. h. Ásdísar Jónsdóttur 60% af kr. 90.000.00, þ. e. kr. 54.000.00, og f. h. Ingibjargar Jónsdóttur 60% af kr. 75.000.00, þ. e. kr. 45.000.00, með 7% ársvöxtum af hvorri fjárhæð frá 21. júlí 1960 til 1. janúar 1965, 6% ársvöxtum frá þeim degi til 1. janúar 1966 og 7% ársvöxtum frá þeim degi til greiðsludags.

Aðaláfrýjandi greiði gagnáfrýjanda Guðjóni Jónssyni 60% af kr. 40.000.00, þ. e. kr. 24.000.00, með 7% ársvöxtum frá 21. júlí 1960 til 1. janúar 1965, 6% ársvöxtum frá þeim degi til 1. janúar 1966 og 7% ársvöxtum frá þeim degi til greiðsludags.

Aðaláfrýjandi greiði gagnáfrýjendum málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti, kr. 150.000.00.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 17. apríl 1968.

Mál þetta, sem tekið var til dóms 29. marz, er höfðað með stefnu, þingfestri 6. júní 1967, af Guðrúnu Guðmundsdóttur, Borgarholtsbraut 21, Kópavogi, f. h. dúnarbús Jóns Guðjónssonar rafvirkjameistara vegna sjálfrar sín persónulega og f. h. ófjárráða barna þeirra hjóna, Ingibjargar og Ásdísar, og lögráða sonar, Guðjóns, gegn Gísli Sigurbjörnssyni, Túngötu 20, Reykjavík, f. h. Elli- og hjúkrunarheimilisins Grundar, Reykjavík, til greiðslu skaðabóta, alls að fjárhæð kr. 1.832.769.00. Í hinum munnlega málflutningi hækkaði stefnandi kröfur sínar í kr. 1.915.430.00, og samþykkti stefndi þá breytingu. Stefnukrafan greinist í 12 liði, og verða þeir liðir raktir nánar hér á eftir. Stefnandi hefur krafizt 7% ársvaxta af liðunum 1—4 frá 28. febrúar 1952 til greiðsludags og af kröfuliðum 5—12 frá 21. júlí 1960 til greiðsludags. Þá hefur stefnandi krafizt málskostnaðar úr hendi stefnda að skaðlausu eða til vara að mati réttarins.

Stefndi hafði upphaflega krafizt þess aðallega, að máli þessu yrði vísað frá dómi. Á bæjarþingi Reykjavíkur, sem háð var þann 20. nóvember s.l., féll þó lögmaður stefnda frá frávísunarkröfu þessari.

Í efnishlið hefur stefndi gert þær kröfur, að hann verði sýknaður af öllum kröfum stefnanda og að stefnandi verði dæmdur til að greiða stefnda málskostnað að skaðlausu.

Sáttir voru reyndar, en án árangurs.

Mál nr. 1255/1960 milli sömu aðilja út af sömu lögskiptum var rekið fyrir bæjarþingi Reykjavíkur. Með dómi bæjarþingsins, uppkveðnum 9. marz 1967, var því máli vísað frá dómi vegna tiltekinna galla, er þóttu vera á málatilbúnaði. Með dómi Hæstaréttar, uppkveðnum 9. maí 1967, var frávísunarákvæði héraðsdómsins staðfest.

I.

Í höfuðdráttum er málavöxtum lýst svo í stefnunni, að þann 28. febrúar 1952 hafi maður stefnanda Guðrúnar, Jón Guðjónsson, orðið fyrir sprengingu úr eldhólfi gufuketils á Elliheimilinu, þar sem hann hafi verið starfsmaður við rafvirkjavinnu o. fl. nokkur undanfarin ár. Hafi hann fengið heilahristing og innri áverka á höfði og hafi ekki náð heilsu eftir það, að heitið gæti, og hafi versnað heldur, er frá hafi liðið. Hafi það einkum komið fram í svima, höfuðverki og aðsvifum, en þó var lengi vel talið, að um batahorfur gæti verið að ræða, enda hafi hann farið þrisvar utan í lækningaerindum, en án árangurs að mestu. Dráttur hafi orðið nokkur á því, að leitað hafi verið aðstoðar dómstóla um bótakröfu, þar sem rétt hafi þótt að sjá til hlítar, hvernig heilsufarinu reiddi af og hvort um nokkurn frekari bata kynni að vera að ræða. Forstjóra hins stefnda fyrirtækis hafi verið kunnugt um slysið og hafi fylgzt með heilsufari og lækningatilraunum hins slasaða. Þegar þar hafi loks komið, að sýnt hafi þótt, að um frekari bata væri ekki að ræða, hafi eftir samninga-tilraunir málinu verið stefnt fyrir bæjarþingið snemma á árinu 1960 og hafi gagnasöfnun og málatilbúnaður rétt verið kominn af stað, þegar Jón hafi andast snögglega og óvænt hinn 21. júlí s. á. Hafi ekki verið um það að villast, enda síðar staðfest af Læknaráði, að orsakasamband hafi verið á milli slyssins og dauðsfallsins beint eða meðverkandi.

Lyktir þess máls hafi verið þær, að málinu hafi verið vísað frá dómi og hafi Hæstiréttur staðfest þá niðurstöðu. Af þessum sökum hafi nú málið verið tekið upp að nýju fyrir bæjarþinginu og byggt á sömu málsástæðum og rökstuðningi og á síðara stigi fyrra málsins.

Aðiljaskýrsla Jóns Guðjónssonar er ódagsett, en í skjölum málsins má sjá, að lögmaður stefnanda hafi upplýst, að Jón hafi undirritað skýrsluna í ágústmánuði 1959. Skýrsla þessi hljóðar svo:

„Ég er fæddur 7. júní 1921 og er rafvirki (rafvirkjameistari) að atvinnu. Hinn 29. sept. 1950 tók ég til starfa hjá Elliheimilinu Grund. Áður var ég búinn að vinna að meira eða minna leyti í þrjú ár, en þá sem starfandi hjá Raftækjavinnustofu Lúðvíks Guðmundssonar, sem annaðist allar viðgerðir og viðhald á rafmagnsáhöldum. En í september 1950 ákveður forstjóri Elliheimilisins Grundar að taka í sína þjónustu fastan rafvirkja, og þar sem Lúðvík Guðmundsson ætlaði að leggja niður verkstæði

sitt, ákvað ég að taka boði forstjórans um að ganga í þjónustu Elliheimilisins Grundar, og skyldi vera þannig, að ég hefði milli-kaup á milli sveinakaups og útseldrar vinnu. Það skal tekið fram, að ég tilkynnti Rafmagnsveitu Reykjavíkur það, sem unnið var, svo sem vera ber, og naut því Elliheimilið þar þess, að ég hafði löggildingu. Einnig skal það tekið fram, að menn þeir, sem ég hafði til hjálpar, hvort heldur voru rafvirkjar eða verkamenn, þá hafði ég engar prósentur af því. Einnig allt efni, sem keypt var til raflagna og viðhalds, og ég tók út á mitt nafn, hafði ég ekki eyri af. Verksvið mitt hjá Elliheimilinu var að halda við rafmagnslögnum og tækjum, einnig var ég við viðhald á vélum, þótt það hafi ekki tilheyrt mínu fagi, ef tími vannst til og með þurfti eða ég var um það beðinn.

Þar á meðal var olúkynding, sem hitaði upp gufuketil, sem aftur var notaður til starfrækslu við þvottahúsið. Það skal tekið fram, að vinnustaður minn var í sama plássi og áður nefndur ketill. Ketill þessi var fenginn hjá vélsmiðjunni Steðja, og var hann uppgerður hjá þeim, en upphaflega mun hann hafa verið frá setuliðinu. Strax í byrjun komu fram örðugleikar með fyrrgreinda olúkyndingu, og var aðalgallinn sá, að loftvifta, sem færir súrefni inn á eldholið, var drifin af kílreim, sem stundum vildi slakna á eða slitna, og myndaðist þá köfnun í katlinum og þar með sprengingarhætta, þegar olían streymdi inn í heitt eldholið, enn fremur var fleira frágangi ábótavant. Ég talaði um þetta við öryggiseftirlitið, en fékk það svar, að olúkyndingar væru ekki innan þeirra verksviðs. Einnig talaði ég við forstjóra Elliheimilisins oftár en einu sinni og sagði honum, að umbúnaður kyndingartækjanna væri ótryggur og lagði til, að skipt væri um kyndingu í katlinum, enda var vinnupláss mitt þarna inni og ég þess vegna ekki fullkomlega óhultur, ef eitthvað kynni að bera út af. Fékk ég ætíð það svar hjá forstjóranum, að þetta þyrfti að „athuga“, það skyldi verða „athugað“ o. s. frv., en síðan ekkert gert í því meir. Svo skeður það hinn 28. febrúar 1952, að ég er að vinna í aðalbyggingu Elliheimilisins og varð litið út um gluggann og sé þá, að mikinn reyk leggur upp úr reyk háf þvottahússins og varð þá ljóst, að ekki mundi vera allt með felldu með olúkyndinguna. Fór ég þá tafarlaust út og inn í ketilhúsið til þess að reyna að koma í veg fyrir frekara hættuástand eða tjón, og skipti það engum togum, að sprenging verður í eldholinu, um leið og ég kem inn, og reyndist hurð eldholins sprungin frá og allur glugginn úr ketilhúsinu, en ég mun hafa skolið upp að

vegg, enda missti ég meðvitund á samri stundu og rankaði ekki við mér fyrr en liggjandi á bekk uppi í Heilsugæzlu og hjúkrunarkona yfir mér. Hafði einn starfsmanna Elliheimilisins fundið mig liggjandi í yfirliði og hann þá kallað á hjúkrunarkonu og forstjórann. Lá ég á Heilsugæzlunni í þrjá sólarhringa og var ekki færður úr fötum, því mér þyngdi það mikið, og því næst var ég fluttur heim á Elliheimilið, þar sem ég lá í kjallaraherbergi innan um vistmenn og var þeim auðvitað til óþæginda, og var ég því feginn, er ég að viku liðinni var loks fluttur heim til mín. Eftir að heim kom, lá ég nokkurn tíma, en þegar ég fór að hafa fótavist, kom í ljós, að ég var hvergi nærri vinnufær vegna svima og vanlíðunar í höfði. Læknir Elliheimilisins, Alfreð Gíslason, sagði, að þetta mundi væntanlega lagast, er frá liði, og leyfði hann mér að byrja að vinna nokkra tíma á dag, og gerði ég það frá 1. apríl að telja.

Það skal tekið fram, að þennan tíma, sem ég var frá vinnu, fékk ég rafvirkja fyrir mig. Læknirinn var sífellt að reyna við mig nýjar og nýjar pillur, en þær virtust að litlu gagni koma, enda batinn óverulegur. Nú kom þar, að forstjóranum fannst afköst mín ekki nógu mikil, enda þótt ég reyndi að vinna eftir mætti. Hinn 23. ágúst um sumarið (1952) fór ég austur í Hveragerði til hvíldar á dvalarheimili Elliheimilisins þar, þótt ég ætti engan veginn heimangengt, þar sem kona mín beið nú eftir að ala þriðja barn okkar, en ég var þá farinn að fá svo óþolandi kvalir í höfuðið, og þessi köst voru alltaf að þéttast, og vildi ég umfram allt hlífa konu minni við að horfa á mig þannig. Meðan ég dvaldi fyrir austan, vann ég smávegis, og var um talað, að það kæmi upp í fæði þar. Þegar suður kom, leið mér betur um tíma, en síðan fór að sækja í sama horfið aftur, og bætti það ekki úr, að forstjóranum fannst afköst mín léleg, en aftur á móti var vonlítið fyrir mig að bjóða mig fram til vinnu annars staðar. Ég reyndi sem ég gat, enda var mikillar vinnu krafizt fyrir jólin og mjög slæmt að fá rafvirkja sér til hjálpar. Nú liður tíminn fram til vors í einni martröð, og voru kvalaköstin í höfðinu orðin óbærileg, og síðan bættist við, að ég var farinn að detta niður hvar sem var, og fór þetta sérlega illa með konu og börn, því þetta skeði eins heima sem heiman. Var hún nú farin að sætta sig við, að ég stæði ekki upp meira. Nú þegar hér var komið, er heimilið í ráða þrotum, óvissa og kvíði svipti mig og heimili mitt allri lífsgleði. Varð það þá úr, að ég fór til læknis míns, Úlfars Þórðarsonar, og lét hann skoða mig

á ný. Sendi hann mig síðan til Kjartans Guðmundssonar, og eftir vikutíma er ég svo lagður inn á Millitærhospítalið í Kaupmannahöfn, enda var þá hægri hönd og fótur orðin svo til tilfinningalaus, og vantaði mikið á, að ég hefði fulla krafta í þeim né líkam anum yfirleitt.

Eftir utanförina fór ég að vinna lítils háttar 7. sept. 1953, og var það í rauninni fyrr heldur en ég mátti eða gat, en rafvirkinn, sem fyrir mig var, gat ekki verið mikið lengur. Nú reyndi ég að vinna, eins og ég frekast gat, og var það meira af kappi en forsjá, enda var lasleikinn að ágerast á ný og það svo mjög, að mér var ráðlagt að fara enn utan, sem ég og gerði. Það skal tekið fram, að forstjórinn var eitthvað óánægður með mig, og lenti eitt sinn í orðasennu á milli okkar, þegar mér fannst hann ganga of langt í ósanngirni. Nú skeður það, að þegar ég er að fara utan og er hættur vinnu og búinn að fá rafvirkja fyrir mig og er að kveðja starfsfólkið ásamt forstjóra, þá tilkynir hann mér allt í einu, að leiðir okkar séu skildar hér með. Urðu út af þessu nokkur orðaskipti með mér og forstjóranum, sem ég mun ekki rekja að sinni né heldur það, sem síðar hefur farið okkar á milli. Mun væntanlega gefast tækifæri til þess síðar undir rekstri málsins.

Það er álit lækna, enda engum blöðum um það að fletta, að heilsuleysi mitt á rót sína að rekja til slyssins 1952, enda var ég heilsuhraustur áður og kenndi mér einskis þess meins, sem hefur þjáð mig, síðan slysið varð.

Ég skal skjóta því inn í, að áður en mér var sagt upp, kallaði forstjórinn eitt sinn á mig, eftir að ég var búinn að fá eitt kvalakastið við vinnu á Elliheimilinu, og lét mig skrifa undir bréf, sem hann samdi, þar sem ég er látinn taka sjálfur á mig þá ábyrgð, sem af kynni að hljótask heilsuleysi mínu í sambandi við og að því er snertir störf mín við rafmagnsviðgerðir o. s. frv. á Elliheimilinu. Skrifaði ég undir þetta í eins konar móki.

Ég hef beðið með að gera ákveðna kröfur á hendur Elliheimilinu út af slysinu, þar til séð væri hvernig heilsufari mínu reiddi af og hvort einhvers frekari bata væri von. Nú telur læknir ekki lengur breytinga að vænta til batnaðar, og dreg ég þess vegna ekki lengur að leita úrskurðar dómstóla, enda hefur forstjórinn aldrei verið til viðtals um neinar bætur. Greiðslur þær, sem ég hef fengið frá Elliheimilinu í þessu tilefni, eru 14 daga kaup og frítt uppihald, meðan ég lá eftir slysið og ekki var hægt að flytja mig heim. Enn fremur nokkrir nuddtímar.

Tekjur mínar voru árið 1953 kr. 33.150, 1954 kr. 28 þús., árið 1955 kr. 12.000, o. s. frv., sem ég mun nánar gera grein fyrir tekjunum áframhaldandi, allt fram til þessa dags“.

Eins og áður er rakið, andast Jón Guðjónsson aðfaranótt 21. júlí 1960, áður en til þess kom, að hann staðfesti ofanritaða skýrslu sína fyrir dómi. Aðiljaskýrsla forstjóra stefnda, Gísla Sigurbjörnssonar, dags. 3. maí 1960, hefur verið lögð fram í málinu. Hún hljóðar svo:

„Þakka bréf yðar, dags. 29. apríl, sem og eftirrit af dóm-skjölum í máli Jóns Guðjónssonar.

Út af kröfu hr. Jóns Guðjónssonar rafvirkjameistara um skaðabætur fyrir meint tjón, er hann telur sig hafa orðið fyrir 28. febrúar 1952 hér á stofnuninni, þá vil ég taka fram eftirfarandi:

Hvort J. G. hefur nokkurn tíma talað við mig um útbúnað á kyndingartækjum, man ég ekki, en geta má þess, að ef eitthvað fer úr lagi, vélar eða tæki, þá er ávallt bætt úr því án tafar. Er sú regla höfð hér og hefur verið síðan ég tók við þessu starfi, að viðkomandi starfsmenn eru beðnir að sjá um viðgerð — ef þeir geta það þá ekki sjálfir — og er öryggiseftirlitið ávallt beðið að koma og athuga, ef eitthvað virðist vera að. Ef umrædd kyndingartæki hafa ekki verið í lagi og öryggiseftirlitið ekkert viljað sinna málinu, þá hefur J. G. sem starfsmaður átt að sjá um, að þau væru sett í lag — annað hvort sjálfur eða fá menn til þess, og ef eitthvert óhapp hefur komið fyrir tækin, verður því vanrækslu hans í starfi um að kenna.

Um þetta atvik, sem J. G. byggir kröfu sína á, veit ég ekkert sérstakt nema það, að J. G. átti vanda til að fá aðsvif við vinnu, en enginn var viðstaddur í ketilhúsinu, og er því J. G. einn til frásagnar um það, sem þar hefur gerzt.

Um umsögn J. G. um heilsu og heimilisaðstæður er ekki ástæða fyrir mig að tala, læknar segja sitt álit um heilsuna — heimilisaðstæður hans þekki ég lítið — en þó þykja mér ummæli hans í minn garð bæði ósönn og ómakleg — hafði ávallt reynt að reynast honum og hans fólki vel — en um það geta aðrir borið en ég.

Herra læknir Alfreð Gíslason mun geta sagt talsvert um þetta mál — enda hjálpaði hann J. G. til að fá sjúkrahúspláss í Kaupmannahöfn. Fullyrðing J. G., að meint heilsuleysi hans eigi rót sína að rekja til þessa atviks í febrúar 1952 verður að sjálfsögðu athuguð af læknisfróðum mönnum.

Ummæli J. G. um, að ég hafi fengið hann í móki til að undirrita bréf, eru ósönn með öllu. Alfreð læknir Gíslason ræddi við

J. G. ásamt mér um þetta. Að J. G. hafi skrifað undir umrætt vottorð í eins konar móki, er því uppspuni.

Að sjálfsögðu verður að gera kröfu um algjöra sýknun í þessu máli — ennfremur að J. G. greiði allan kostnað, sem af málinu leiðir“.

Skýrsla þessi hefur verið staðfest fyrir dómi.

Fyrir dómi hefur forstjóri stefnda skýrt svo frá, að Jón heitinn Guðjónsson hafi verið ráðinn sem rafvirki og viðgerðarmaður heimilisins. Hafi ekki verið gerður skriflegur ráðningarsamningur né erindisbréf, enda aldrei gert, þegar stefndi hafi ráðið starfsfólk. Skýrði forstjórinn svo frá, að Jón Guðjónsson hefði áður verið í vinnu hjá Lúðvík Guðmundssyni rafvirkjameistara, en það verkstæði hafi séð um allar viðgerðir varðandi rafmagn og raflagnir fyrir stefnda. Jón Guðjónsson hafi því áður unnið hjá stefnda og hafi við ráðninguna hjá stefnda tekið sama starf og hann hafi þar áður unnið.

Forstjórinn kvaðst ekki muna eftir því sérstaklega, að nefndur Jón hafi kvartað við sig um það, að miðstöðin kynni að vera biluð. Hins vegar upplýsti forstjórinn, að það væri föst venja sín, ef slíkar kvartanir bærust til hans, að láta viðkomandi starfsmann annast lagfæringuna sjálfan, ef hann gæti það, en ella ætti hann að sjá um, að það væri gert á kostnað stofnunarinnar.

Ekki kvaðst forstjórinn hafa heyrt sjálfa sprenginguna, enda ekki verið í húsinu, en honum hafi verið frá þessu skýrt, þegar hann hafi komið á skrifstofuna.

Kvað forstjórinn sig hafa heyrt það, að óhapp hefði komið fyrir Jón, en ekki kveðst hann hafa vitað, hvernig það hafi atvikast. Kvaðst forstjórinn hafa haldið, að Jón hafi ef til vill fengið aðsvif, enda taldi forstjórinn, að Jón hefði haft vanda til þess. Þá skýrði forstjórinn frá því, að sér hefði verið sagt, að sprenging hefði orðið í miðstöð hússins sama dag og óhappið varð.

Sérstaklega aðspurður kvaðst forstjórinn ekki muna eftir því, hvort lögreglan hefði verið kvödd á vettvang út af umræddri sprengingu eða slysi, en taldi hins vegar víst, að öryggiseftirlitið hefði verið kvatt á vettvang, eftir að slysið skeði. Þá skýrði forstjórinn svo frá, að eftir að slysið hafi orðið umrætt sinn, hafi hann ekki viljað hafa Jón í vinnu, vegna þess að hann hafi óttast, að Jón kynni að fá afsvif aftur eða eitthvert slys kynni að henda hann vegna heilsu Jóns. Ekki mundi forstjórinn, hvort heilsa

Jóns hefði versnað eftir slysið, en kvað sig hins vegar hafa orðið miklu hræddari um hann eftir slysið.

Þá var forstjórinn spurður um yfirlýsingu þá, sem nefnd er í skýrslu hans og Jóns Guðjónssonar. Yfirlýsing þessi, sem lögð hefur verið fram í málinu, er svohljóðandi: „Hér með viðurkenni ég undirritaður, að herra læknir Alfreð Gíslason hefur vakið athygli mína á því, að heilsu minni sé þannig háttað, að hættulegt geti verið fyrir mig að fást við rafmagnsviðgerðir, rafmagnslagnir eða önnur þau störf, sem ég hef unnið á Elli- og hjúkrunarheimilinu Grund, og tek ég því sjálfur á mig þá ábyrgð, sem af því kann að hljóta.

Reykjavík, 10. apríl 1953“.

Kvað forstjórinn yfirlýsingu þessa þannig til komna, að Jón hafi sótt fast að fá að halda áfram vinnunni, en forstjórinn hafi hins vegar ekki þorað að hafa hann vegna framangreindrar vanheilsu hans. Hafi þá Jón undirritað nefnt vottorð, enda hafi það verið skilyrði fyrir því, að hann héldi áfram vinnunni hjá stefnda.

Ekki kvaðst forstjórinn muna eftir því, hvort Jóni hefði verið sagt upp stöðunni hjá stefnda.

II.

Um slysið sjálft, atvik þess og aðdraganda og slysataekið eru gögn málsins mjög ófullkomin og brotakennd. Greinir og aðilja mjög á um málsatvik. Verður hér gerð grein fyrir þeim gögnum, sem að þessum atriðum lúta, aðallega vitnaskýrslum og vottorðum, en af þeim er mikill fjöldi.

A.

Jón Guðjónsson rafvirkjameistari, Stóragerði 6, Reykjavík, hefur gefið vitnaskýrslu hér fyrir dóminum. Vottorð, undirritað af honum, hefur verið lagt fram í málinu. Er það svohljóðandi:

„Ég undirritaður, Jón Guðjónsson rafvirkjameistari, Stóragerði 6 hér í bæ, vann á sínum tíma í ígripum með Jóni sál. Guðjónsyni að rafmagnsvinnu á Elliheimilinu Grund. Aldrei þó við gufuketil þvottahússins. Hins vegar kom ég til Jóns heitins, meðan hann lá á Elliheimilinu fyrstu dagana, eftir að hann varð þar fyrir slysi, og leit ég þá á umræddan ketil og sá greinileg ummerki sprengingar. T. d. man ég eftir loki framan á eldholinu, og voru festingarnar brotnar. Sömuleiðis man ég eftir lúgu, sem lok var á, að mig minnir ofar á katlium, og voru boltarnir, sem

héldu lokinu, teygðir, eins og þeir hefðu orðið fyrir snöggum þrýstingi innan frá. Ekki kom til, að ég yrði beðinn að lagfæra þetta, enda var ég lærlingur þá, og slík verk ekki í mínu fagi“.

Vitnið kvaðst hafa byrjað að vinna með hinum látna árið 1946, en ekki unnið samfellt með honum frá þeim tíma. Vitnið kvaðst hafa farið inn í ketilhúsið, og sagði vitnið, að ummerkin á katlinum, sem um geti í vottorðinu, hafi verið nýleg, og minnti vitnið fastlega, að kynditækið hafi ekki verið í gangi, en vitnið taldi, að það hefði heimsótt Jón heitinn á fyrsta eða öðrum degi eftir slysið. Ekki kvaðst vitnið muna glögglega eftir því, hvort lúga sú, sem um geti í vottorðinu, hafi verið ofan á katlinum eða framan á honum.

Vitnið kvaðst aldrei hafa orðið vart við eða vitað til, að Jón heitinn Guðjónsson hefði fengið aðsvif fyrir slysið, og kvaðst vitnið halda, að hann hafi verið hraustur á sál og líkama.

Vitnið staðfesti framangreindan framburð sinn fyrir dóminum með eiði.

Hér fyrir dóminum þann 13/11 1963 og 7/3 1968 hefur vitnið Ágúst Frimann Danielsson gefið vitnaskýrslu, en vitnið kvaðst hafa starfað hjá stefnda í 30 ár og starfa þar enn. Kvaðst það kannast við, að sprenging sú, sem málið greinir, hafi átt sér stað. Kveðst vitnið hafa verið í næsta herbergi við umrætt ketilhús og heyrt sprenginguna. Sagðist vitnið hafa vitað, að Jón Guðjónsson hafi verið inni í ketilhúsinu, þegar sprengingin hafi orðið. Það kvaðst hafa séð Jón heitinn fara inn í ketilhúsið, áður en sprengingin hafi orðið, og koma út eftir sprenginguna af eigin rammleik. Ekki kvaðst vitnið hafa séð þess nein merki, að Jón hafi slasast, en vitnið kvaðst ekki hafa veitt honum neina sérstaka eftirtekt. Ekki kvaðst vitnið muna það sérstaklega, hvort Jón heitinn hafi verið sótugur, þegar hann hafi komið út úr ketilhúsinu, en telja þó trúlegt, að svo hafi verið, með því að hann hafi gengið að vaski og þvegið sér um hendur.

Sagði vitnið, að sér væri kunnugt um, að Jón heitinn Guðjónsson hafi lagzt sjúkralegu, strax eftir að hann hafi komið út úr ketilhúsinu, og kvaðst vitnið hafa heyrt, að Jón Guðjónsson hefði fengið heilahristing. Vitnið kvaðst álíta, að Jón heitinn hafi fengið heilahristing við sprengingu þá, sem vitnið heyrði og að framan getur. Ekki kvaðst vitnið hafa orðið vart við, að önnur sprenging en sú, sem að framan greinir, hafi átt sér stað umrætt tímabil. Þá tók vitnið fram, að kynditækið hafi bilað mjög oft.

Sérstaklega aðspurt sagði vitnið, að Jón heitinn Guðjónsson hefði haft yfirumsjón með katlinum og daglegt eftirlit með honum, en vitnið kvaðst hafa séð um það að kveikja á honum á morgnana og slökkna á honum á kvöldin. Enn fremur upplýsti vitnið, að Jón heitinn hefði haft vinnubekk í sama herbergi og ketillinn hafi verið og hafi ekkert þil verið á milli.

Ekki mundi vitnið, á hvern hátt kveikt hafi verið á katlinum, en að það hafi alla vega verið gert með rofa.

Vitnið kvaðst álíta, að Jón heitinn Guðjónsson hafi verið heilsuhraustur maður, áður en framangreind sprenging hafi átt sér stað, og kvaðst það ekki hafa vitað til þess, að hann hafi átt vanda til yfirliða eða flogaveiki. Lagt hefur verið fram vottorð, undirritað af vitninu, í málinu, og er það svohljóðandi:

„Í sambandi við mál Jóns sál. Guðjónssonar rafvirkja gegn Elliheimilinu Grund höfum við verið spurð, hver hafi séð um kyndingu gufuketils þvottahússins á þeim tíma, þegar Jón heitinn varð fyrir sprengingu í eldholi ketilsins fyrir allmörgum árum.

Við kyndingu þessa var ekki neinn sérstakur ketilgæzlumaður, en Ágúst Daníelsson sá þó jafnan um það að kveikja á henni á morgnana“.

Vitnið hefur staðfest vottorð þetta hér fyrir dóminum. Þá hefur verið lagt fram í málinu vottorð, undirritað af Rögnu Nordahl hjúkrunarkonu, dags. 16. júní 1960. Vottorð þetta, sem ekki hefur verið staðfest hér fyrir dómi, er svohljóðandi:

„Ég undirrituð votta hér með, að þegar ég var hjúkrunarkona á Elli- og hjúkrunarheimilinu Grund í Reykjavík, minnst ég þess greinilega, að starfsmaður þar á hælina, Jón Guðjónsson, varð fyrir slysi eða áfalli, er hann var að starfi við olíukyndingu hælisins. Var þetta árið 1952, í febrúarmánuði að því mig minnir. Var slysið all alvarlegt, enda lá maðurinn rúmfastur á eftir“.

Lögmaður stefnda hefur mótmælt vottorði þessu sem röngu og óstaðfestu.

Guðbjörn Guðjónsson, Skipholti 45, Reykjavík, hefur gefið vitnaskýrslu í máli þessu. Kvaðst vitnið ekki hafa verið starfsmaður hjá stefnda, þegar sprengingin varð, en bæði undan og eftir. Þá hefur vitnið staðfest framlagt vottorð, dags. 6. október 1960, en vottorðið hefur aðallega að geyma yfirlýsingu þess efnis, að forstjóri stefnda hafi alla tíð krafizt þess af starfsmönnum stofnunarinnar, að allar vélar og tæki væru í fyllsta lagi og fyllsta öryggis í öllum framkvæmdum væri gætt.

Þá hefur vitnið einnig undirritað annað vottorð (rskj. nr. 18), en efni þess verður eigi rakið hér.

Vitnið Garðar Sigfússon, Rauðalæk 69, og Kjartan Einarsson, Brávallagötu 18, báðir starfsmenn hjá stefnda, hafa einnig undirritað vottorð það, sem dagsett er 6. október 1960, það, sem hér að framan er rakið, og staðfest efni þess fyrir dómi.

Vitnið Kjartan Einarsson hefur einnig staðfest annað vottorð, dags. 6. október 1960, en vottorð þetta, sem lagt hefur verið fram í málinu, er svohljóðandi:

„Samkvæmt beiðni herra forstjóra Gísla Sigurbjörnssonar viljum við undirritaðir taka fram, að þegar við komum í ketilhúsið, þar sem leið yfir Jón Guðjónsson rafvirkjameistara, voru þar engin merki þess, að sprenging hafi orðið í gufukatlinum. Enda munu menn frá Öryggiseftirliti ríkisins, sem komu á staðinn, einnig geta borið um það“.

Vitnið Kjartan skýrði svo frá hér fyrir dóminum, að það myndi eftir umræddu slysi og hefði verið meðal þeirra fyrstu, sem hafi komið að Jóni. Hafi Jón þá verið í herberginu fyrir framan ketilhúsið og hafi Jón legið fram á sagarborðið og haldið höndum um hnakkann, en þar hafi verkurinn virzt vera. Vitnið hafi ekki séð áverka á Jóni, en hann hafi sýnilega verið mikið veikur. Vitnið kvað Jón hafa verið mikið veikan eftir þetta og vart vitað af sér. Ekki kvaðst vitnið hafa munað neitt um það, hvort Jón hafi sagt sér nokkuð um orsakir að slysinu, en sagði hins vegar, að oft hafi orðið smásprengingar í eldhólfinu, en þær hafi þó verið meinlausar. Vitnið kvað sig muna það, að öryggiseftirlitið hafi komið á vettvang skömmu eftir slysið, og taldi vitnið, að kallað hefði verið á öryggiseftirlitið sérstaklega vegna slyssins. Þá sagði vitnið, að olúhitunin hafi verið nýkomin. Landssmiðjan hafi annazt uppsetningu ketilsins, en vitnið vissi ekki, hvort sá ketill hafi verið gamall eða nýr. Einnig hafi Landssmiðjan annazt viðhald á katlinum fyrst í stað, en annars hafi vélsmiðjan Steðji annazt viðhald véla á heimilinu, þegar til þeirra hafi verið leitað.

Vitnið Einar Larsen, Laugarnesvegi 106, Reykjavík, hefur komið fyrir dóminn og gefið vitnaskýrslu. Vitnið undirritaði yfirlýsingarnar báðar, dags. 6. október 1960, og er efni þeirra rakið hér að framan.

Vitnið kvaðst hafa byrjað störf hjá stefnda á árinu 1938 og sé þar starfsmaður enn í dag.

Vitnið skýrði svo frá, að Kjartan Einarsson hefði komið fyrstur

að, þar sem slysið hafi orðið umrætt sinn. Síðar, er vitnið hafi heyrt, að slys hefði orðið, hafi það farið á vettvang. Hafi þá Jón Guðjónsson verið í herberginu fyrir framan ketilhúsi (trésmíðaverkstæðinu). Ekki kveðst vitnið hafa séð neina ytri áverka á Jóni, en hins vegar hafi hann virzt vera utan við sig. Vitnið sagði, að nefndur Kjartan og hann hafi síðan stutt Jón inn í sjúkrahverbergið í kjallaranum. Vitnið kvaðst ekki hafa heyrt neina sprengingu í umrætt sinn, enda ekki verið nálægt slystað. Hins vegar hafi það ekki séð nein merki þess, að sprenging hafi orðið í eldhólfinu, til dæmis ekkert sót. Sagði vitnið, að sér væri kunnugt um það, að smásprengingar hafi orðið í eldhólfinu, en það hafi ekki komið að sök. Vitninu var bent á ummæli í aðiljaskýrslu um það, að sprungið hafi allur glugginn úr ketilhúsinu og að hurð eldhólfsins hafi sprungið frá. Kvaðst vitnið ekki muna eftir þessu sérstaklega, kvað nokkuð víst, að glugginn hafi ekki verið brotinn, en annars sagði vitnið, að langt væri um liðið og að það myndi þetta ekki nákvæmlega. Sagði vitnið, að það hafi borizt síðar í tal hjá því og nefndum Jóni um orsakir sprengingarinnar, og muni vitnið eftir því, að Jón hafi ekki getað gert sér grein fyrir því, af hvaða orsökum slysið hafi orðið. Minnti vitnið, að einnig hafi það borizt í tal, að ekki hafi sézt nein merki sprengingarinnar, en vitnið mundi ekki nánar að greina frá því, hvernig því samtali hafi verið varið. Sérstaklega aðspurt um þetta atriði sagði vitnið, að eftir því sem það myndi bezt, hafi Jón ekki mótmælt því í þessu samtali, að engin merki hafi sézt eftir sprenginguna.

Vitnið kvaðst hafa heyrt, að öryggiseftirlitið hafi komið á vettvang eftir slysið, og gerði vitnið ráð fyrir því, að forstjórinn hafi kvatt það sérstaklega á vettvang. Loks sagði vitnið, að forstjóri stefnda hafi krafizt af sér fyllsta öryggis í hvívetna, og gerði vitnið ráð fyrir, að svo hafi einnig verið krafizt af öðrum starfsmönnum stefnda.

B.

Af hinum framlögðu gögnum má ráða, að svohljóðandi frétt hafi birzt í Morgunblaðinu 6. marz 1952:

„Fyrir nokkrum dögum varð sprenging í ketilhúsi þvottahúss Elli- og hjúkrunarheimilisins Grundar.

Varð sprenging við ketilinn, og meiddist einn maður, er þar var inni. Maðurinn heitir Jón Guðjónsson rafvirki, til heimilis suður í Kópavogi. Við sprenginguna kastaðist hann á veggskáp

og fékk mikið högg á höfuðið. Kom í ljós við lækisskoðun, að hann hafði hlotið slæman heilahristing.

Jón er enn rúmliggjandi“.

Ekki hefur komið fram í málinu, hver sé höfundur fréttar þessarar, og hefur lögmaður stefnda mótmælt gagni þessu sem röngu og óstaðfestu.

Af skjölum málsins má ráða það, að starfsmaður stefnda, vitnið Garðar Sigfússon, Rauðalæk 69, Reykjavík, hafi tilkynnt slys þetta til Tryggingastofnunar ríkisins með vottorði, dags. 28. marz 1952, á þar til gert eyðublað. Meginatriði vottorðs þessa, sem hér skipta mestu máli, eru þau, að slysið hafi átt sér stað 28. febrúar 1952 kl. 1100 árdegis, að slysið hafi viljað til í ketilhúsi þvottahúss Elliheimilisins, að Jón Guðjónsson hafi verið að vinna við ketilinn, gassprenging hafi myndast og hann fengið höfuðhögg, að Jón hafi hætt vinnu strax eftir slysið, að 30 mínútur hafi liðið, frá því að slysið varð og þangað til læknir hafi athugað meiðslin, að Jón sé á heimili sínu og Alfreð Gíslason læknir stundi hann, að engir sjónarvottar hafi verið að slysinu, en Jón hafi minnst fyrst á slysið við Kjartan Einarsson, Hverfisgötu 43, að Jón hafi ekki áður orðið fyrir slysi og að Jón fái ekki kaup, meðan hann sé óvinnufær.

Hér fyrir dómi hefur vottorðsgjafinn, áðurnefndur Garðar, skýrt svo frá, að hann hafi skráð upplýsingarnar um slysið á áðurnefndu vottorði eftir upplýsingum frá Jóni heitnum Guðjónssyni, en vitnið kveðst þó áður hafa fengið upplýsingar um atburðinn.

Í læknisvottorði, undirrituðu 27. marz 1952 af Alfreð Gíslasyni lækni og sendu til Tryggingastofnunar ríkisins, segir svo um atriði, sem hér skipta máli, að sprenging í hitakatli hafi verið talin orsök slyssins, að vottorðsgjafi hafi ekki getað gengið úr skugga um, að orsakir slyssins séu rétt tilgreindar, að vottorðsgjafi telji þó líklegt, að orsakir slyssins séu rétt tilgreindar, að nafn sjúkdómsins sé „commotio cerebri“, að vottorðsgjafa sé ekki um það kunnugt, að sjúklingurinn hafi haft nokkurn kvilla eða örorkueinkenni á undan slysinu, að ástand hins slasaða sé nú sæmilegt, að hinn slasaði gæti ekki haldið áfram starfi sínu, án þess að það komi í bága til lækningatilraunir, en hafi þó fótavist nú, og að hinn slasaði sé ekki í sjúkrahúsi.

Þrjú skoðunarvottorð Öryggiseftirlits ríkisins, dags. 19. febrúar 1952, 6. marz 1952 og 21. apríl 1952, hafa verið lögð fram í málinu. Er aðalefni þeirra svohljóðandi: Vottorðið frá 6. marz

1952 segir, að sjá skuli svo um, að hin sjálfvirkur tæki ketilsins, pyrostat, kveikioddar, háspennukerfi og þrýstistillir ásamt vatns-hæðastilli, verði athuguð og rækilega gegnumfarin á sex mánaða fresti og oftár, ef þess reynist þörf. Hlíf vanti á glas ketilsins og stillingu á öryggisloka.

Í vottorðinu frá 21. apríl 1952 segir, að nýr reykrofi hafi verið settur í eimketilinn. Sá eldri hafi reynzt ónýtur. Þessi sé nú reyndur, hann slökkvi á olíudæluhreyfli eftir ca. 10—20 sekúndur, frá því að loginn deyi, ef olían sé tekin af. Ketillinn virðist nú í lagi. Reykrofann skuli athuga á 4—6 mánaða fresti.

Með bréfi, dags. 15. júní 1965, hefur lögmaður stefnda óskað eftir umsögn öryggismálastjóra um vottorð þessi, og skilaði öryggismálastjóri álit, sem dags. er 9. júlí 1965. Þar segir m. a.: „Að jafnaði eru eftirlitsskyldar vinnustöðvar skoðaðar einu sinni á ári. Sé oftár skoðað, er það vegna sérstaks tilefnis.

Þegar spjaldskrá eftirlitsins er athuguð, sést, að hin árlega skoðun Elliheimilisins Grundar hefur að tveim síðastliðnum árum undanskildum ávallt verið gerð á fyrstu mánuðum ársins, og virðist því svo sem skoðunin, sem gerð var 19/2 1952 hafi verið hin reglulega árlega skoðun án sérstaks tilefnis. Við þá skoðun hafa ekki aðrar athugasemdir verið gerðar við búnað véla og tækja en vottorðið ber með sér. Verði því ekki séð, að neitt hafi verið talið athugavert við búnað eimketilsins, þegar skoðunin var gerð.

Næsta skoðun, sem gerð er 6. marz, er eftir því sem skoðunarvottorðið ber með sér, gerð eingöngu ketilsins vegna og tilefnið að líkindum sprengingin, sem varð í eldholi hans hinn 28. febrúar. Það, að skoðunin er ekki gerð fyrr en viku eftir að sprengingin verður, bendir til þess, að atvikið hafi ekki verið tilkynnt eftirlitinu og því hefur ekki verið skoðað fyrr en eftirlitinu barst vitneskja um sprenginguna þetta síðar.

Þriðja skoðunin, sem gerð er 21. apríl, virðist einnig eingöngu vera gerð ketilsins vegna og þá til þess að ganga úr skugga um, að það, sem ekki reyndist í lagi við næstu skoðun á undan, hafi nú verið lagfært.

Sprengingu þá, sem varð í katlinum, tel ég hafa orðið vegna þess, að stillitæki eða rafbúnaður kynditækjanna hafi ekki unnið rétt. Sérhver eimketill á að vera undir stöðugri gæzlu, og það er hlutverk ketilgæzlumannsins að fylgjast með því, að öll tæki tilheyrandi katlinum séu í lagi og vinni rétt. Bregði út af þessu, svo að viðhaldi eða eftirliti verði ábótavant, getur skapast hættu-

ástand. Slíkt daglegt eftirlit er að sjálfsögðu ekki hlutverk öryggiseftirlitsins og getur því ekki verið um vanrækslu af þess hálfu að ræða í þessu sambandi.

Fyrirmæli eftirlitsmannsins á skoðunarvottorði, dags. 6. marz 1952, þar sem hann mælir svo fyrir, að sjálfvirk tæki ketilsins séu rækilega yfirfarin á sex mánaða fresti, og á skoðunarvottorði, dags. 21. apríl 1952, þar sem athugun reykrofa er fyrirskipuð á 4—6 mánaða fresti, benda bæði til þess, að hann telji ástæðu til ákveðnara eftirlits en verið hafi“.

Í málinu hafa verið fram lagðir reikningar frá Vélsmiðjunni Steðja h/f til Elli- og hjúkrunarheimilisins Grundar. Af reikningum þessum má ráða, að viðgerðir hafi farið fram á vélum stefnda á ýmsum tímum.

Við dags. 28.—29. febrúar 1952 stendur m. a.: „Vinna við að hreinsa ketil, unnið við leiðslur, automat og fleira og smíðað olfurör“. Við dags. 1.—8. marz 1952 stendur: „An.: Vinna við ketil, hreinsað kerfi í húsinu og fleira og smíðaður stútur, pakknningar á hæðarglas, akstur“.

Við dags. 11.—14. marz 1952 stendur m. a.: „Vinna við að taka brennara frá katli og setja hann við annan ketil, smíða stút á hitastilli, einnig baulur og múra ketil“.

Vitnið Garðar Sigfússon, sem gefur hefur skýrslu hér fyrir dóminum, hefur gizkað á, að brennari sá, sem rætt er um við dags. 11.—14. marz 1952 kunni að vera sá sami og sá, sem var á katli þeim, sem í málinu greinir.

Vitnið kvaðst ekki hafa pantað viðgerðarmenn til þess að gera við ketilinn eftir sprenginguna. Kvaðst vitnið yfirleitt ekki gera það og ekki heldur forstjórinn, svo að vitninu væri kunnugt um.

Með því að Jón heitinn hafi verið frá vinnu, þegar ofangreindar viðgerðir fóru fram, taldi þó vitnið að athuguðu máli trúlegt, að forstjórinn hefði sjálfur haft afskipti af lagfæringum og breytingum þeim, sem reikningur Vélsmiðjunnar Steðja h/f til stefnda hljóðar um og áður eru að nokkru leyti raktar.

Þá sagði vitnið, að Jón heitinn Guðjónsson hafi á þeim tíma, sem slysið hafi orðið, verið viðgerðarmaður á rafmagnslögnum og öðru viðvirkjandi rafmagni og hefði haft eftirlit með öllum vélum og áhöldum, þar á meðal hinum umrædda katli og þeim búnaði, sem honum hafi fylgt.

Vottorð hefur verið lagt fram í málinu, dagsett 27. 2. 1967 og undirritað af Karli Albertssyni. Efni skjalsins lýtur að þeim atriðum, sem að framan voru rakin. Í vottorði þessu segir Karl,

að hann hafi verið starfsmaður hjá Vélsmiðjunni Steðja á árinu 1952 og árunum þar í kring og að hann telji sig muna eftir sprengingu í katli í þvottahúsinu og að hann muni hafa gert við ketilinn á eftir.

Vitnið Karl Albertsson hefur gefið skýrslu fyrir dóminum þann 7. marz 1968 og staðfest ofangreint skjal.

Vitnið, sem kvaðst hafa starfað hjá Vélsmiðjunni Steðja frá árinu 1949 eða 1950 og fram yfir þann tíma, er slys það, sem í málinu greinir, átti sér stað, skýrði svo frá, að sér væri það minnisstætt, að vitnið hafi gert við ketilinn á Elliheimilinu þannig, að öryggiseftirlitið hafi talið þá viðgerð fullnægjandi.

Minnti vitnið, að það hefði meðal annars komið á staðinn til þess að gera við ketilinn samdægurs eða daginn eftir að slysið hafi átt sér stað.

Ekki kvaðst vitnið hafa orðið vart við neina sprengingu, sem sögð var hafa orðið í katlinum. Þó upplýsti vitnið, að sprunga hafi verið á loki, sem hafi verið áfast við ketilinn og skrúfað hafi verið á hann með skrúfum, þannig að rífa hafi verið á loki því, sem kveikingin hafi farið í gegnum. Minnti vitnið, að sprunga þessi hafi ekki verið á katlinum fyrir slysið.

Vitnið sagði, að það hefði sjálfst starfað við það að setja ketilinn niður hjá stefnda. Ketillinn hafi verið notaður, en nýuppgerður og hafi Vélsmiðjan Steðji gert ketilinn upp. Kvaðst vitnið hafa unnið að því verki.

Vitnið kvaðst oft hafa komið á Elliheimilið Grund, áður en slysið hafi orðið þann 28. febrúar 1952, til þess að gera við eitthvað smávegis þar á heimilinu. Kvaðst vitnið í því sambandi ekki hafa orðið vart við annað en að ketill sá, sem í málinu greinir, hafi starfað með eðlilegum hætti, og kvað vitnið, að það minntist þess ekki að hafa þurft að gera við ketilinn sjálfan fyrir slysið. Hann hafi ávallt starfað mjög eðlilega.

Vitnið kvaðst hafa verið ráðið eftir slysið til stefnda til þess að annast viðgerðir á vegum heimilisins og yfirleitt að vera til taks, ef á þyrfti að halda.

Vitninu voru sýndar myndir af katli, sem liggja frammi í málinu. Kvaðst vitnið ekki treysta sér til að segja til um, hvort myndirnar væru af sama katli og málið fjallar um, en allavega sagði vitnið, að um ketil af sömu gerð væri að ræða.

Vitninu var sýndur reikningur sá frá Vélsmiðjunni Steðja h/f, sem að framan er rakinn, einkum það, sem skráð er við dagsetningarnar 28.—29. febrúar 1952 og 1. til 8. marz 1952. Vitnið

kvaðst ekki muna eftir því að hafa tekið þátt í slíkum meiri háttar viðgerðum, sem í skjali þessu greinir.

Þó sagði vitnið, að fleiri katlar hafi verið á heimilinu, en ketill sá, sem í málinu greinir, hafi verið eini gufuketillinn. Sagði vitnið í því sambandi, að vinna sú, sem nefnd sé á nefndum reikningi, gæti einnig átt við þá katla.

C.

Vitnið Alfreð Gíslason læknir hefur komið fyrir dóm og gefið skýrslu. Vitnið staðfesti þá skjal, undirritað af því 24. apríl 1963, en skjal þetta er svohljóðandi:

„Ég hef lesið dómskjöl í máli dánarbús Jóns Guðjónssonar gegn Elli- og hjúkrunarheimilinu Grund og skal í því sambandi láta eftirfarandi upplýsingar í té.

Jón Guðjónsson lá á Ellih. Grund 28/2—5/3 vegna heilahristings (commotio cerebri). Hann kvartaði öðru hverju um höfuðverk, á meðan hann dvaldist þar, en að öðru leyti virtist ástand hans eðlilegt. Skal sérstaklega fram tekið, að einkenni vefræns heilasjúkdóms fundust ekki. Honum var leyft að fara heim þ. 5. marz, en ráðlagt að liggja í eina viku til viðbótar og að hefja ekki vinnu, fyrr en læknir leyfði.

Ég taldi heilahristinginn ekki alvarlegs eðlis og horfur á fullum bata því góðar.

Um orsök gat ég ekkert fullyrt, en tel tvennt koma til álita, annað hvort að hann hafi snögglega fengið aðsvif, skolið niður (eins og á sér stað um flogaveika) og við það hlotið höfuðhögg, eða að hann hafi fyrst orðið fyrir höggi og sem afleiðing þess misst meðvitund. Um þetta veigamikla atriði get ég ekki vottað. Ég þekkti ekki Jón heit. Guðjónsson áður og var því ekki kunnugt um það fyrirfram, hvort hann átti vanda til að fá aðsvif.

Eftir að kunnugt varð um, að hann fengi flogaveikisköst, ráðlagði ég honum að forðast þá vinnu, sem sérstaklega er varasöm flogaveikum, svo sem vinna í stiga eða á palli. Er átt við þá viðvörun með því, er segir á dómskjali nr. 9, (þ. e. yfirlýsinguna, dags. 10/4 1953).

Ég gerði taugakerfisrannsókn á Jóni Guðjónssyni, skömmu áður en hann lagðist inn á taugadeild Ríkisspítalans í Kaupmannahöfn. Sú rannsókn mín leiddi ekki í ljós einkenni skemmda á heila né öðrum hlutum miðtaugakerfisins. Því miður hefur mér ekki tekizt að finna það, sem ég þá skrásetti um skoðunina í einstökum atriðum

Eins og fram kemur af því, sem hér er sagt, leiddu sjúkra-skoðanir mínar ekki í ljós neinar vefrænar heilaskaddanir. Sama niðurstaða virðist fást við miklu víðtækari taugakerfisrannsókn í Ríkisspít. í Khöfn („Ingen tegn til organisk nervelidelse“) og einnig við krufningu, sbr. ályktun: „Ekki fundust nein merki þess á heila, heilabasti eða höfuðbeinum, að hinn látni hafi hlotið alvarleg höfuðhögg“.

Í vitnaskýrslu, sem tekin var af vitninu 28. júní 1966 hér fyrir bæjarþinginu, sagði vitnið meðal annars, að það minnti, þó að það gæti ekkert um það fullyrt og kynni ef til vill að vera rang-minni, að Jón heitinn Guðjónsson hafi tjáð vitninu, er það hafi tekið skýrslu af honum í sambandi við taugakerfisrannsókn, að hann hafi fyrir slysið fengið aðsvif nokkrum sinnum.

Á síðari stigum fyrra málsins komu í leitirnar minnisblöð frá vitninu, en vitnið kvaðst hafa skráð það skjal dags. 1. apríl 1953 sér til minnis og hafi skjalið tilheyrt sjúkraskrá starfsfólks Elli-heimilisins. Skjöl þessi eru svohljóðandi:

„Nafn: Jón Guðjónsson.

Heimili: Borgarholtsbr. 14 (sic), Kópavogi.

Fæðingardagur: 7/6 1921.

Fékk í gær epileptiformt kast. Segist upp á síðkastið hafa fengið (þau) nokkru tíðar en áður: Í gær, þar áður fyrir ½ mánuði, þar áður fyrir 2 mánuðum þvagmissir. Hefur brotið úr tönnum tungubít (tgbit).

Varð fyrir ketilsprengingu í febrúar 1952. Lengi svimi þá á eftir. Lá í 4—5 vikur.

Við áreynslu fær hann verki eins og högg aftan í hnakka og háls.

4/4 *Neurologisk skoðun.*

Nokkru áður en hann varð fyrir ketilsprengingu, var hann slæmur af gyllinæð um tíma. Þá fékk hann aðsvif í sambandi við sársauka við hægðir. Einnig er hann var að læra (fyrir 8 árum) fékk hann aðsvif, einnig í sambandi við gyllinæð. Missti meðvitund augnablik. Lagaðist aftur eftir nokkrar mínútur.

Jón Guðjónsson, Borgarholtsbraut 21.

Epileptiform köst sequ. traum?

Augnskoðun, spec. ophthalmo-scopi og sjónsviðsákvörðun.

Rvík, 1/4 '53

Alfreð Gíslason.

Hr. augnl.

Úlfar Þórðarson.

Kæri Alfreð.

Ég finn ekkert athugavert við ephthalmoscopi eða sjónsvið.

Rv. 1/4 '53

Úlfar Þórðarson“.

Í tilefni af þessu kom vitnið aftur fyrir dóm þann 16. janúar 1967. Sagði vitnið, að upplýsingar þær, sem fram komu í skjalinu, dags. 1. apríl 1953, um aðsvif Jóns heitins og annað, séu fengnar frá Jóni heitnum Guðjónssyni í persónulegum samtölum.

Eftir að vitnið hafði kynnt sér efni skjalsins þá fyrir dóm-inum, fullyrti vitnið, að Jón heitinn hefði tjáð vitninu, að hann hefði fengið aðsvif, eins og nánar er greint á dómsskjali þessu.

Vitnið Úlfar Þórðarson augnlæknir hefur komið fyrir dóm og gefið skýrslu. Vitnið kvaðst hafa verið heimilislæknir Jóns heitins Guðjónssonar. Vitnið hefur staðfest efni þriggja vottorða, sem lögð hafa verið fram í málinu.

Í fyrsta vottorðinu, dags. 29. 6. 1959, segir, að vitninu sé ljúft að votta, að því sé ekki kunnugt um annað en að Jón Guðjónsson, fæddur 2. (sic) 6. 1921, hafi alltaf verið heilsugóður og laus við alla veiklun, fram til þess er hann meiddist í slysi (gassprengingu árið 1952 í febrúar), en eftir það hafi hann átt við vanheilsu að stríða, sérstaklega höfuðverk, svima og jafnvægistruflun.

Vottorð, dags. 30. janúar 1960, er svohljóðandi:

„Sjúklingur minn, Jón Guðjónsson, fæddur 7. 6. 1921, Borgarholtsbraut 21, Kópavogi, varð þann 28. 2. 1952 fyrir sprengingu frá kyndingarhólfi gufuketils með þeim afleiðingum, að ég tel, að hann hlaut heilahristing. Ég sá ekki slasaða fyrr en nær því 14 mánuðum síðar, að ég lít á slasaða vegna svima, höfuðverks og dofa í hægri hendi og hægra fæti. Þá var slasaði sendur til Kjartans R. Guðmundssonar, sem fann skynjunartruflun hægra megin. Varð þá að ráði, að sjúklingurinn var sendur til Ríkisspítalans í Kaupmannahöfn vegna 1) Seqvele commotio cerebri 2) Subdural hæmatom? (seqvele). Sjúkl. var svo erlendis í þrjá og hálfan mánuð. Var gerð heilablásing og nákvæm neurochirurgisk rannsókn. Töldu læknar þar, að þetta væru eftirköst eftir commotio-cerebri, sem mundi batna mikið á einu ári. Árið eftir, 1954 um vorið, fór slasaði aftur til Hafnar og hitti nú auk lækna á Neurokirurgisk-deild Ríkisspítalans einnig lækna á Neurologisk-deild Ríkisspít., og taldi yfirlæknir Fog þá vafasamt, að frekari bata væri að vænta. Síðan hefur líðanin verið að mestu óbreytt, og er starfsorka sjúklingsins að mínum dómi ca. 50% á við fyrri getu. Þennan tíma, sem leið, áður en ég sá sjúklinginn,

stundaði læknir Alfreð Gíslason sjúklinginn. Diagnosis mín byggð á athugunum ofangreinds læknis, 1. seqv. commotio-cerebri, 2. seqv. „schock“.

Þriðja vottorðið, dagsett 4. 5. 1963, er svipaðs efnis og vottorð, dags. 29. 6. 1959, sem rakið var hér að framan. Í þessu þriðja vottorði tekur læknirinn fram, að hann hafi aldrei vitað til þess, að Jón fengi nokkurn tíma krampakast eða meðvitundarleysi fyrir slysið 1952, og hafi hann þó þekkt hann frá 1942. Segist vottorðsgjafi hafa alltaf litið svo á, að um afleiðingar slyssins væri að ræða. Í skýrslu sinni hér fyrir dómi lét vitnið þess getið, að Jón heitinn Guðjónsson hefði ekki leitað til vitnisins í 14 mánuði eftir slysið, og hafi hann tjáð vitninu, að hann hafi talið rétt með tilliti til málsatvika, að trúnaðarlæknir Elliheimilísins Grundar stundaði hann.

Í vottorði Kristjáns Þorvarðssonar, dags. 22. október 1960, sem hann hefur staðfest hér fyrir dómi, er þess getið, að Jón hafi við skoðun í janúar 1959 kvartað um, að hann ætti erfitt um vinnu vegna þreytu, slappleika, höfuðkvala, stundum skyndilegrar blindu og velgju. Við skoðun hafi fundizt lömun hægra megin, minnkað húðskyn (sársauka- og snertiskyn) hægra megin, djúpskyn óruggt hægra megin, babinski hægra megin og Romberg jákvæður. Talsverð minnissljóvgun og óruggt minni.

Í skýrslu sinni kvaðst vitnið meðal annars muna eftir sjúklingnum Jóni heitnum Guðjónssyni, sem hafi talað um það, að hann hafi orðið fyrir slysi.

Vitnið kvaðst ákveðið hafa gengið út frá því í vottorðinu, að sjúklingurinn hefði orðið fyrir höfuðáverka. Vitnið var sérstaklega spurt að því, hvort hugsanlegt væri, að orsakir heilasjúkdómsins, sem á var minnzt í áðurreifuðu vottorði vitnisins, gætu hafa verið aðrar en höfuðáverki, og kvaðst vitnið telja það ósennilegt.

Lagt hefur verið fram í málinu óstaðfest og ódagsett vottorð Bjarna Snæbjörnssonar læknis. Hefur vottorði þessu verið mótmælt sem óstaðfestu, og verður efni þess vottorðs ekki rakið hér nánar.

Að beiðni bæjarfógetans í Kópavogi var gerð réttarkrufning á líki Jóns Guðjónssonar, og framkvæmdi Níels Dungal læknir þá krufningu.

Í krufningarskýrslu þessari segir meðal annars, að ekkert athugavert sé við höfuðsvörðinn. Hvergi sjáist menjar um, að heila-búið hafi verið opnað, og höfuðkúpan sé öll heil. Þegar theca-

cranii sé lyft af, sjáist heilabastið eðlilegt. Því sé flett af og sjáist þá linu heilahimnurnar eðlilegar. Ekki sjáist, að heilinn standi undir neinum áberandi þrýstingi. Þó séu aðeins flatari gyri hægra megin. Linu heilahimnurnar séu ekkert áberandi blóðríkar. Æðarnar á basis séu eðlilegar. Hvergi sjáist votta fyrir blæðingum né neinum leifum eftir mar á heilanum. Sérstaklega sé rækilega aðgætt neðan á heilanum á lobus frontalis og temporalis, þar sem breytingin sjáist oftast eftir höfuðhögg, en ekki sjáist þar, að neins staðar hafi heilinn orðið fyrir mari eða blæðingu. Heilinn hafi verið skorinn í sundur og finnist hvergi neitt athugavert við hann. Hvergi sjáist blæðingar né leifar eftir blæðingar. Ekki heldur emollitionir né neitt óeðlilegt við heilavefi neins staðar. Sérstaklega hafi verið aðgætt svæðið í kringum corpora striata og hafi þar hvergi fundizt neitt athugavert. Pons hafi verið skorin í sundur og hafi engar blæðingar fundizt þar. Ekki heldur neitt athugavert við litla heilann.

Ályktun í krufningarskýrslunni er á þá leið, að ekki hafi fundizt nein merki þess á heila, heilabasti eða höfuðbeinum, að hinn látni hafi hlotið alvarlegt höfuðhögg. Ekki sjáist, að nein aðgerð hafi verið gerð á heila og heilabúið hafi áreiðanlega aldrei verið opnað. Banamein hafi verið lungnabjúgur, sem leitt hafi til köfnunar. Orsökina hafi sennilega verið sú, að maðurinn hafi verið að fá lungnabólgu, sem hafi farið svo geyst af stað, að mikill bjúgur í lungunum hafi leitt til köfnunar.

Jón heitinn Guðjónsson lá í Ríghospitalets neuramedisinskefðing á tímabilinu 9. til 30. maí 1953, og hlaut hann þar sjúkdómsgreininguna trauma capitis seq. (encephalopathia traumatica non verificata-epilepsia symptomatologica).

Í skýrslu þessari segir meðal annars, að um hafi verið að ræða 31 árs rafvirkja, sem yfirleitt hafi verið heilsugóður og ekki sé vitað til, að hann hafi fengið krampa fyrir slysið í febrúar 1952. Í febrúar 1952 er hann sagður hafa hlotið höfuðáverka í sambandi við sprengingu. Hann hafi misst strax meðvitund og ekki vitað af sér næstu 5 klukkustundir, en næstu 35 klukkustundir hafi hann verið meðvitundarlítill, með ógleði og uppköstum, síðan hafi hann nánast haft daglegan höfuðverk, sem hafi einkum komið fram eftir andlega og líkamlega áreynslu. Höfuðverkurinn sé staðsettur í hnakka. Auk þess hafi hann fengið samtals 10 til 12 krampaköst, sem hafi komið á ca. mánaðar millibili, 1. kastið 3 dögum eftir að hann fór að vinna eftir slysið og síðasta

kastið 3 mánuðum fyrir innlagningu á taugasjúkdómadeild Ríkisspítalans. Krampaköstin hafi byrjað með áköfum höfuðverkjum hægra megin í höfðinu. Segir í skýrslunni, að sjúklingurinn falli niður og missi meðvitund. Sé meðvitundarlaus í 10—15 mínútur og missi stöku sinnum þvag í köstunum. Hann sé mjög slappur fyrstu 1 til 2 sólarhringana eftir köstin.

Í skýrslunni segir, að neurologiskar skoðanir (taugaskoðanir) sýni væga lömun, sem virðist funktionell, í hægri handlegg og hægri ganglim. Taugaviðbrögð séu líflegri hægra megin. Plantar-svörun eðlileg. Þá hafi fundizt áberandi myosur (vöðvabólgur í hnakkavöðvum). Rannsókn á mænurvökva sé eðlileg. Rannsókn á eyrum, augum og röntgenmynd af höfði hafi verið eðlileg. Loftencephalografi sé einnig eðlileg, en heilalínurit hafi verið óeðlilegt.

Samkvæmt þeim upplýsingum, sem er að finna í áðurnefndri sjúkraskýrslu Jóns Guðjónssonar, má ráða það, að læknar taugadeildar Ríkisspítalans í Kaupmannahöfn telji, að um sé að ræða krampa vegna skemmda í miðtaugakerfi, sem komið hafi eftir höfuðáverka, en í skýrslu þessari er tekið fram, að Jón heitinn hafi yfirleitt verið heilsugóður og ekki borið á krömpum fyrir slysið.

Með úrskurði bæjarþings Reykjavíkur, uppkveðnum fimmtudaginn 9. janúar 1964, var Læknaráði falið að láta uppi álit á því, hvort umrætt slys og eftirfarandi heilsubrestur af þeim sökum verði talinn aðal- eða meðverkandi orsök að dauðsfalli Jóns heitins Guðjónssonar.

Úrskurður Læknaráðs gekk þann 9. marz 1965, og er niðurstaða hans þessi: „Af gögnum málsins verður ekki annað séð en að Jón heitinn Guðjónsson hafi verið heilsuhraustur fyrir slysið og að hann hafi hvorki þjást af yfirliða- né krampaköstum.

Eftir slysið er sagt, að Jón hafi þjást af höfuðverk og ekki getað afkastað fullri vinnu af þeim sökum. Innan árs frá því að slysið varð, byrjaði hann að fá krampaköst, sem sagt er, að hafi byrjað með miklum höfuðverk hægra megin. Þegar Jón var lagður inn á Ríkisspítalann í Kaupmannahöfn 9. maí 1953, hné hann niður (sank patienten sammen) án þess þó að fá krampa í það skipti. Hins vegar fékk Jón heitinn krampakast, þegar gerð var á honum „loft, encephalografia“. Jón fékk meðferð við krampaköstunum. Henni var haldið áfram fram í nóvember 1953. Hinn 26. maí 1954 skrifað í journal Ríkisspítalans í

Kaupmannahöfn, að Jón hafi ekki haft krampa síðasta árið. Ekki liggja fyrir upplýsingar um, hvort Jón hafi haft krampaköst síðan 1954.

Í vottorði Kristjáns Þorvarðssonar, dags. 22. október 1960, er þess getið, að Jón hafi við skoðun í janúar 1959 kvartað um, að hann ætti erfitt um vinnu vegna þreytu, slappleika, höfuðkvala, stundum skyndilegrar blindu og velgju. Við skoðun fannst jákvætt Rombergs-próf og jákvæð babinskisvörun hægra megin og minnkað skyn sömu megin. Ennfremur óöruggt og sljógvað minni. Ályktanir Ríkisspítalans í Kaupmannahöfn og Kristjáns Þorvarðssonar eru báðar á þann veg, að kvartanir og einkenni Jóns stöfuðu af slysi. Getur lækna ráð fallið á, að þetta sé rétt.

Krufningarskýrslan ber með sér, að banamein Jóns hafi verið lungnabjúgur, en hins vegar fundust ekki einkenni meiri háttar bólgu. Í skýrslunni er þess getið, að heilafellingar hafi verið aðeins flatari en eðlilegt er hægra megin. Gæti þetta bent til þess, að um heilabjúg hafi verið að ræða. (Nákvæm vefjarannsókn af heilanum, sem skæri úr um þetta og gæti ef til vill gefið frekari upplýsingar, fylgir ekki krufningarskýrslunni). Hafi svo verið, er vel hugsanlegt, að maðurinn hafi fengið heiftarlegt krampakast, sem hafi orsakað lungnabjúginn og þannig orðið honum að bana.

Þá ber og að geta þess, að mönnum er hættara við krömpum, þegar líkamshiti hækkar, og gæti því byrjandi lungnabólga hafa útleyst krampakast hjá Jóni.

Í samræmi við það, sem að ofan greinir, verður að teljast líklegt, að heilsubrestur Jóns af völdum slyssins hafi að minnsta kosti verið meðverkandi orsök að dauða hans“.

Undir þessa tillögu hafa ritað þrír læknar.

Loks hafa verið lögð fram í málinu nokkur vottorð, og skýrslur hafa verið teknar af nokkrum vitnum, og lúta gögn þessi að heilsufari Jóns heitins Guðjónssonar fyrir slysið. Vottorð þessi og vitnaskýrslur hafa ýmsir kunningjar og starfsfélagar Jóns heitins Guðjónssonar gefið, og í þeim kemur fram, að þessum mönnum hafi ekki verið kunnugt um það, að Jón heitinn hafi verið haldinn yfirliðum eða höfuðveiki eða flogaveiki fyrir slysið.

Stefnandi málsins, Guðrún Runólfsson Guðmundsdóttir, hefur einnig lýst því fyrir dómi, að hún hafi ekki vitað til þess, að Jón heitinn Guðjónsson hafi verið flogaveikur eða haldinn yfirliðaköstum. Hins vegar sagði hún, að höfuðkvala hjá Jóni heitnum hafi tekið að gæta hjá honum þegar eftir umrætt slys, en

flogaveiki og yfirliða um haustið eftir slysið. Kvaðst hún hafa komið á Elliheimilið sama dag og slysið hafi átt sér stað og séð mann sinn þar rúmliggjandi.

III.

Stefnufjárhæðina í máli þessu, kr. 1.915.430.00, sundurliðar stefnandi þannig:

1. Örorkutjón Jóns heitins Guðjónssonar frá slysdagi til dánardags	kr.	153.896.00
2. Útlagður kostnaður, einkum vegna ferða til Kaupmannahafnar, áætlað	—	50.000.00
3. Skaðabætur vegna þjáninga og sársauka hins látna	—	120.000.00
4. Skaðabætur vegna röskunar á stöðu og högum hins látna, skerðing heimilis- og lífshamingju —	—	120.000.00
5. Krafa ekkju fyrir missi framfæranda, kr. 941.066.00 ÷ 63.000.00	—	878.066.00
6. Krafa ekkju fyrir röskun á stöðu og högum —	—	250.000.00
7. Krafa Ingibjargar Jónsdóttur fyrir missi framfæranda	—	42.069.00
8. Krafa sömu fyrir röskun á stöðu og högum —	—	75.000.00
9. Krafa Ásdísar Jónsdóttur fyrir missi framfæranda	—	65.209.00
10. Krafa sömu fyrir röskun á stöðu og högum —	—	75.000.00
11. Jarðarfararkostnaður, áætlaður	—	10.000.00
12. Krafa Guðjóns Jónssonar fyrir missi framfæranda, kr. 1.190.00, og krafa sama fyrir röskun á stöðu og högum, kr. 75.000.00, þ. e.	—	76.190.00

Alls kr. 1.915.430.00

Stefnandi hefur krafizt 7% ársvaxta af liðunum 1—4 frá 28. febrúar 1952 til greiðsludags og af kröfuliðum 5—12 frá 21. júlí 1960 til greiðsludags.

Stefnandi byggir örorkutjón Jóns heitins Guðjónssonar á álititveggja lækna. Í fyrsta lagi á vottorði Úlfars Þórðarsonar augnlæknis, dags. 31. janúar 1960, en efni þess hefur áður verið rakið. Segir meðal annars í vottorði þessu, að læknirinn hafi ekki séð hinn slasaða fyrr en nær fjórtán mánuðum eftir slysið, en þá hafi slasaði verið haldinn svima, höfuðverkjum og dofa í hægri hendi og hægra fæti. Sjúklingurinn hafi fyrst verið sendur til

Kjartans R. Guðmundssonar lækni, sem hafi fundið skynjana-truflanir hægra megin. Síðan hafi sjúklingurinn verið sendur á Ríkisspítalann í Kaupmannahöfn. Eftir að stefndi (sic) hafði farið í annað sinn til Hafnar á Ríkisspítalann vorið 1954, hafi yfirlæknirinn, Fog, talið vafasamt, að frekari bata væri að vænta. Síðan segir Úlfar líðan sjúklingsins hafa verið að mestu óbreytta, og taldi hann, að starfsorka sjúklingsins væri ca. 50% miðað við fyrri getu. Segir í vottorðinu, að þann tíma, sem hafi liðið, áður en Úlfar Þórðarson hafi séð sjúklinginn, hafi stundað hann Alfreð Gíslason læknir. Segir vottorðsgjafi, að diagnosis sin sé byggð á athugunum ofangreinds læknis, þ. e. 1. seqv. commotio cerebri, 2. seqv. „schock“.

Í öðru lagi er staðhæfing stefnanda um örorkutjón Jóns heitins Guðjónssonar byggð á álitserð Þórarins Sveinssonar lækni, dags. 1. september 1966. Í nefndri álitserð segist læknirinn framkvæma tímabundna örorkumatsaðgerð frá slysdegi til dánardags slasaða, eftir því sem málsskjölin gefi möguleika á.

Segir læknirinn, að við yfirllestur málsskjala þeirra, sem fjalli um heilsufar nefnds Jóns Guðjónssonar rafvirkja, sjáist, að því sé slegið föstu, að hann hafi þann 28. febrúar 1952 orðið fyrir höfuðáverka, er sprenging hafi orðið í gufukatli í kyndiklefa Elliheimilisins Grundar. Engar staðfestar upplýsingar liggi fyrir um, að maður þessi hafi, áður en slysið hafi orðið, verið haldinn nokkrum þeim sjúkdómseinkennum, er hafi þjáð hann eftir umrætt slys.

Eftir slysið hafi hinn slasaði verið látinn liggja á Elliheimilinu Grund til 5. marz s. á., en þá leyft að fara heim. Hann hafi hafið vinnu á ný hinn 1. apríl s. á., en aðeins þó „nokkra tíma á dag“. Síðar, eða í ágúst 1952, hafi hann orðið vegna þrauta í höfði að dveljast sér til hressingar austur í Hveragerði í Elliheimilinu þar, en hann hafi þó unnið þar, sem hafi svarað fyrir fæði sínu. Lasleiki hans hafi ágerzt eftir það, svo að hann hafi leitað til Úlfars Þórðarsonar lækni, en hann hafi sent slasaða til Kjartans R. Guðmundssonar, sérfræðings í taugasjúkdómum. Síðan er í álitserð þessari nánar rakin sjúkrasaga Jóns heitins Guðjónssonar.

Þá segir í álitserðinni, að það sé augljóst, að það sé langt frá því, að slasaði hafi verið fær um að vinna að fyrri störfum, eins og áður hafi verið. Komi það skýrast í ljós í vottorði læknisins Úlfars Þórðarsonar, dags. 30. janúar 1960, en þar segi, að starfsgeta slasaða sé ca. 50% á við fyrri getu. Segir í álitserðinni, að

útlit sé fyrir, að læknirinn hafi átt við tímabilið, frá því að slysið hafi orðið og til þess tíma, er vottorð hafi verið gefið, enda þótt það komi ekki skýrt fram.

Síðan eru í álitssgerð þessari talin upp þau málsskjöl í máli þessu, sem lúta að heilsufarslegum upplýsingum slasaða umrætt tímabil. Síðan segir í álitssgerðinni, að við yfirlestur málsskjalanna, sem hafi verið upptalin, sjáist, að Jón Guðjónsson hafi verið mjög vanheill á þessu tímabili og sé sá sjúkleiki rakinn til slyssins. Alfreð læknir Gíslason geti þess aðeins, að vera kunnir, að slasaði hafi fengið að minnsta kosti tvö yfirliðaköst fyrir slysið og þá í sambandi við annan sjúkleika (hæmorrhoides). Út af fyrir sig skýri það ekkert síðari meðvitundarleysisköst. Það sé algengt, að líði yfir fólk við mikinn sársauka, og sé það þekkt fyrirbæri.

Á hinn bóginn sé lítið hægt að átta sig á, að hve miklu leyti slasaði hefur verið ófær til starfa. Stundum líti út fyrir, að hann hafi getað stundað störf sín nokkuð vel. Á öðrum tímum sé svo að sjá, að hann hafi verið mjög fjarri því að geta það. Hann hafi líka verið rúmliggjandi eða við rúmið, a. m. k. tíma og tíma. Síðan er það nánar rakið í álitssgerðinni þannig: 1. Í Elliheimilinu Grund fyrst eftir slysið og nokkurn tíma þá fyrst á eftir heima hjá sér. 2. Að einhverju leyti í Elliheimilinu í Hveragerði sumarið 1952. Sé ekki unnt að sjá af málsskjöllum, hversu lengi það hafi verið. 3. Í Ríkisspítalanum í Kaupmannahöfn 9. 5.—30. 5. 1953. 4. Í sama sjúkrahúsi í maí 1954, stuttan tíma. Í álitssgerðinni segir, að réttasti mælikvarði á örorku slasaða á árunum 1952—1960 mundi hafa fengizt með því að miða við tekjuöflun hans af eigin vinnu. Það sé því miður ekki unt. Framtöl til skatts séu ýmist engin eða mjög ófullkomin og ábótavant.

Ályktun læknisins er síðan á þessa leið: „Að þessu framan-skráðu athuguðu má segja, að í heildina geti ég verið sammála mati Úlfars, læknis, Þórðarsonar, enda þótt ég vilji haga mats-gerðinni nokkuð á annan veg. Ég tel hæfilegt mat þannig:

- | | | |
|---|------|--------|
| 1. Fyrir þau tímabil, er slasaði var rúmliggjandi eða við rúmið | 100% | örorka |
| 2. Ca. 1 mánuð eftir hverja legu | 75% | — |
| 3. Úr því | 40% | — |

Öllum verður að vera ljóst, að mat sem þetta hlýtur eðlilega að vera handahófskennt“.

Kröfur samkvæmt 1., 5., 7., 9. og 12. lið stefnunnar byggir lögmaður stefnanda á örorkuútreikningum Guðjóns Hansens tryggingafræðings, dags. 6. janúar 1965, 12. nóvember 1966 og 18. marz 1968.

Útreikningur sá, sem dagsettur er 6. janúar 1965, er svohljóðandi:

„Í sambandi við slys, er þér teljið Jón Guðjónsson, rafvirkjameistara, Borgarholtsbraut 21, Kópavogi, hafa orðið fyrir 28. febrúar 1952, hafið þér óskað eftir útreikningi á örorkutjóni svo og fjárhagstjóni ekkju og barna vegna missis framfæranda, en Jón lézt 21. júlí 1960.

Jón Guðjónsson er sagður hafa verið fæddur 7. júní 1921. Hann lét eftir sig ekkju, Guðrúnu Runólfsson Guðmundsdóttur, sem sögð er fædd 25. júní 1921. Börn þeirra eru þrjú, Guðjón, f. 27. september 1944, Ingibjörg, f. 23. janúar, og Ásdís, f. 2. september 1952.

Þér hafið gert ráð fyrir að miða örorkutjónið við 50% orkutap frá slysdegi til dauðadags, en dánarbætur verði reiknaðar með venjulegum hætti. Ennfremur hafið þér talið rétt að leggja reiknaðar (áætlaðar) tekjur til grundvallar útreikningi í stað þess að afla upplýsinga um tekjur Jóns árin fyrir slysið, en slíkar upplýsingar gæti reynzt erfitt að fá og óvíst, hver not yrðu af þeim. Hef ég því miðað útreikninginn við vinnutekjur iðnaðarmanna samkvæmt skattframtölum, svo sem nánar verður greint frá hér á eftir. Í þessu sambandi er rétt að geta þess, að í aðiljaskýrslu stefnanda í máli þessu, er hér um ræðir, kveðst Jón hafa haft millikaup milli sveinskaups og útseldrar vinnu fyrir störf sín á Elli- og hjúkrunarheimilinu Grund, sbr. dskj. nr. 3.

A. Örorkutjón.

Samkvæmt úrtaksrannsókn á skattframtölum kvæntra iðnaðarmanna í Reykjavík reyndust meðalvinnutekjur launþega í þessum stéttum starfsárin 1952—1960 vera sem hér segir:

Árið 1952	kr. 39.515.00
— 1953	— 46.213.00
— 1954	— 47.902.00
— 1955	— 55.286.00
— 1956	— 63.092.00
— 1957	— 60.956.00

Árið 1958	kr. 68.624.00
— 1959	— 74.014.00
— 1960	— 79.608.00

Sé miðað við, að helmingur þessara tekna hafi tapazt frá slysdegi 28. febrúar 1952 til dauðadags, 21. júlí 1960, reiknast mér verðmæti tapaðra vinnutekna á slysdegi nema kr. 182.021.00. Er þá reiknað með 7% vöxtum p. a., en engum dánarlíkum, þar eð um ákveðið tímabil (frá slysdegi til dauðadags) er að ræða. Enn fremur er reiknað með, að tekjur hvers árs dreifist jafnt yfir árið.

B. Bætur vegna fráfalls fyrirvinnu.

Tekjur þær, sem ég hef lagt til grundvallar við útreikning bóta vegna fráfalls fyrirvinnu, styðjast við hlutfallið milli meðaltekna (vinnuteka) kvæntra iðnaðarmanna í Reykjavík starfsárin 1954—1963 og kauptaxta samkvæmt kjarasamningi járníðnaðarmanna. Með þessum hætti hef ég reiknað árstekjur sem hér segir:

Árið 1960	kr. 74.234.00
— 1961	— 78.898.00
— 1962	— 90.739.00
— 1963	— 102.911.00
Jan.—sept. 1964 . . .	— 125.146.00
Eftir þann tíma . . .	— 133.191.00

Samanburður við A-lið sýnir, að árið 1960 hafa tekjur reynzt nokkru hærri en hér er reiknað með, þ. e. „árferði“ hefur verið betra en meðaltal þeirra 10 ára, sem hér eru lögð til grundvallar, sýnir.

Af ofangreindum tekjum óskiptum hef ég að venju fyrst tekið fyrir bótum til barnanna fjárhæð, er svarar til barnalífeyris almannatrygginga til fullnaðs 16 ára aldurs hvers barns. Frá dauðadegi Jóns hefur árlegur barnalífeyrir almannatrygginga verið sem hér segir:

Frá slysdegi til júníloka 1961	kr. 7.200.00
— 1/7 1961 til 31/5 1962	— 8.193.60
— 1/6 1962 til 30/6 1963	— 8.521.34
— 1/7 1963 til 31/12 1963	— 9.799.55
Eftir þann tíma	— 11.109.00

Miðað við þessar bætur reiknast mér verðmæti á dauðadegi nema:

Til Guðjóns	kr. 1.190.00
Til Ingibjargar	— 41.351.00
Til Ásdísar	— 59.179.00

Sé ekkjunni reiknaður helmingur þeirra tekna, er eftir verða, þegar tekið hefur verið fyrir barnalífeyri til barnanna, reiknast mér verðmæti slíkra greiðslna á dauðadegi nema kr. 638.528.00.

Frá almannatryggingum hefur Guðrún átt rétt á bótum vegna slyssins, ekkjubótum í 12 mánuði að fjárhæð samtals kr. 14.189.00 og mæðralaunum, sem numið hafa á ári:

Ágúst—sept. 1960	kr. 14.400.00
Okt. 1960—júní 1961	— 7.200.00
Júlí 1961—maí 1962	— 8.193.60
Júní 1962—júní 1963	— 8.521.34
Júlí—des. 1963	— 9.799.55
Jan. 1964—jan. 1966	— 12.061.20
Febr. 1966—sept. 1968	— 2.221.80

Verðmæti samanlagðra ekkjubóta og mæðralauna á dauðadegi reiknast mér nema kr. 61.045.00.

Að sjálfsgöðu er barnalífeyrir almannatrygginga greiddur með börnum hins látna.

Við útreikning bóta undir B-lið hafa verið notaðar 7% töflur um starfsorkulíkur, samræmdar eftirlifendatöflum íslenzkra karla 1951—1960, ennfremur eftirlifendatöflum íslenzkra kvenna og 7% lífrentutöflur 1951—1960. Dánarlíkur barna hafa verið reiknaðar 0.1% p. a. (við útreikning ekkjubóta og mæðralauna hefur þó ekki verið tekið tillit til dánarlíkna barna)“.

Örorkuútreikningurinn, dagsettur 12. nóvember 1966, er svo hljóðandi:

„Með bréfi, dags. 10. október 1966, hafið þér, herra hæstaréttarlögmaður, óskað eftir endurskoðun útreiknings míns frá 6. janúar 1965 í skaðabótamáli db. Jóns Guðjónssonar gegn Elliheimilinu Grund, annars vegar með hliðsjón af nýju örorkumati Þórarins Sveinssonar, læknis, en hins vegar með tilliti til breytinga, sem orðið hafa á verðgildi peninga frá ársbyrjun 1965.

A. Örorkutjón.

Samkvæmt áðurnefndu örorkumati Þórarins Sveinssonar, dags. 1. september 1966, er hæfilegt mat orkutaps talið sem hér segir:

Fyrir þau tímabil, er slasaði var rúmliggjandi	
eða við rúmið	100%
Ca. 1 mánuð eftir hverja legu	75%
Úr því	40%

Læknirinn tekur fram, að öllum verði að vera ljóst, að mat sem þetta hljóti eðlilega að vera handahófskennt. Hann telur upp fjögur tímabil á árunum 1952—1954, er hann kveður slasaða hafa verið rúmliggjandi eða við rúmið, stuttan tíma í senn. Með tilliti til þessa hef ég talið rétt að reikna með 40% orkutapi allan tím-ann, en áætla síðan, að tímabundið viðbótarorkutap jafngildi 6 mánaða orkutapi fyrst eftir slysið, þ. e. 60% til viðbótar (heildar-orkutap 100%) í 2 mánuði og síðan 35% til viðbótar (heildar-orkutap 75%) í 4 mánuði.

Í þessum lið verður engin breyting á tekjugrundvelli, og reiknað á framangreindan hátt telst mér verðmæti tapaðra vinnutekna á slysdegi nema:

Vegna 40% varanlegs orkutaps	kr. 145.617.00
Vegna viðbótarorkutaps í 6 mán.	— 8.279.00

Samtals kr. 153.896.00

B. Bætur vegna fráfalls fyrirvinnu.

Meðaltekjur iðnaðarmanna, reiknaðar á grundvelli upplýsinga um 10 ára tímabil, hafa breytzt af tveimur ástæðum, annars vegar vegna kauphækkana, sem átt hafa sér stað frá ársbyrjun 1965, og hins vegar vegna þess, að nú styðst ég við reynslu árána 1956—1965 í stað árána 1954—1963. Verða reiknaðar árstekjur sem hér segir:

Árið 1960	kr. 81.020.00
— 1961	— 86.110.00
— 1962	— 99.033.00
— 1963	— 112.318.00
— 1964, jan.—sept.	— 136.586.00
— 1964, okt.—des.	— 145.366.00
— 1965, jan.—febr.	— 145.366.00

Árið 1965, marz—maí	kr. 149.800.00
— 1965, júní—júlí	— 150.686.00
— 1965, ágúst	— 171.353.00
— 1965, sept.—nóv.	— 173.370.00
— 1965, des.	— 177.403.00
— 1966, jan.—febr.	— 177.403.00
— 1966, marz—maí	— 180.428.00
— 1966, júní—ágúst	— 187.487.00
Eftir þann tíma	— 190.511.00

Bætur almannatrygginga (barnalífeyrir og mæðralaun) héldust óbreyttar frá því, sem tilgreint er í fyrri útreikningi, til 28. febrúar 1965, en verða síðan sem hér segir:

	Barnalífeyrir með hv. barni á ári	Mæðralaun á ári
Marz—maí 1965	kr. 11.448.00	kr. 12.429.00
Júní 1965	— 11.516.00	— 12.503.00
Júlí—ágúst 1965	— 12.540.00	— 13.615.00
Sept.—nóv. 1965	— 12.688.00	— 13.776.00
Des. 1965—jan. 1966	— 12.983.00	— 14.096.00
Febrúar 1966	— 12.983.00	— 2.597.00
Marz—maí 1966	— 13.205.00	— 2.641.00
Júní 1966	— 13.721.00	— 2.744.00
Júlí—ágúst 1966	— 14.435.00	— 2.887.00
Eftir þann tíma	— 14.668.00	— 2.934.00

Þegar tillit er tekið til framangreindra hækkana á árstekjum og bótum almannatrygginga, reiknast mér verðmæti þeirra greiðslna, sem tilgreindar eru í fyrri útreikningi, verða sem hér segir á dánardegi:

Greiðslur til barna:

Til Guðjóns	kr. 1.190.00
Til Ingibjargar	— 42.069.00
Til Ásdísar	— 65.209.00

Greiðslur til ekkju — 858.278.00

Verðmæti samanlagðra ekkjubóta og mæðralauna kr.62.873.00.

Um forsendur fyrir útreikningi þessum, aðrar en þær, sem tilgreindar eru hér að framan, skírskotast til fyrri útreiknings“.

Stefnandi hefur í þriðja sinn látið reikna út örorkutjón og

bætur vegna fráfalls fyrirvinnu. Og er sá útreikningur dagsettur 27. marz 1968. Útreikningurinn er svohljóðandi:

„Samkvæmt ósk yðar, hr. hæstaréttarlögmaður, hef ég endurskoðað útreikninga mína í sambandi við skaðabótamál dánarbús Jóns Guðjónssonar gegn Elliheimilinu Grund, en fyrri útreikningar eru frá 6. janúar 1965 og 12. nóv. 1966. Verður hér gerð grein fyrir þeim breytingum, sem ég hef talið ástæðu til að gera á síðastnefnda útreikningnum.

A. Örorkutjón.

Engin breyting verður á þessum lið, og nemur verðmæti tapaðra vinnutekna á slysdegi samtals kr. 153.896.00, þegar miðað er við örorkumat Þórarins Sveinssonar frá 5. sept. 1966.

B. Bætur vegna fráfalls fyrirvinnu.

Við útreikning á meðaltekjum iðnaðarmanna styðst ég nú við reynslu áráanna 1957 til 1966 (í útreikningnum frá 12. nóv. 1966 var stuðzt við reynslu áráanna 1956 til 1965). Af þessari ástæðu hækka árstekjur þær, sem nefndar eru í útreikningnum frá 12. nóv. 1966 um tæp 5,6%, og þannig hækka árstekjur, sem reiknað er með frá 1. sept. 1966 úr kr. 190.511.00 í kr. 201.107.00. Auk þess veldur hækkun verðlagsuppbóta 1. des. 1967 og 19. marz 1968 hækkun árstekna. Síðarnefnda hækkunin verður ekki áætluð með nákvæmni, en ég hef gert ráð fyrir, að hún nemi kr. 4.500.00 á ári, þegar miðað er við núgildandi vísitölu. Verða árstekjur þá sem hér segir frá 1. des. 1967 að telja:

1. des. 1967 til 18. marz 1968	kr. 207.930.00
Eftir þann tíma	— 212.430.00

Árlegur barnalífeyrir almannatrygginga hækkaði í kr. 15.165.00 1. des. 1967 og í kr. 16.134.00 1. jan. 1968. Árleg mæðralaun móður með 1 barn innan 16 ára hækkuðu í kr. 3.033.00 1. des. 1967 og í kr. 3.227.00 1. jan. 1968.

Þegar tillit er tekið til framangreindra hækkana á reiknuðum árlegum vinnutekjum og bótum almannatrygginga, reiknast mér verðmæti þeirra greiðslna, sem tilgreindar eru í fyrri útreikningnum, sem verða sem hér segir á dánardegi Jóns:

Greiðslur til barna:

Til Guðjóns	kr. 1.190.00
Til Ingibjargar	— 42.069.00

Til Ásdísar kr. 65.851.00
 Greiðsla til ekkju — 941.066.00
 Verðmæti samanlagðra ekkjubóta og mæðralauna kr. 63.000.00.

Um forsendur fyrir útreikningi þessum, aðrar en þær, sem hér hafa verið tilgreindar, skírskotast til fyrri útreikninga, sem getið er hér að framan“.

IV.

Hér verða raktar þær helztu málsástæður og lagarök, sem aðiljar máls þessa hafa borið fyrir sig til sóknar og varnar í málinu.

Að því er varðar bótagrundvöll sjálfan, hefur stefnandi talið upp 5 ástæður, sem að hans áliti skiptu mestu máli:

1. Slysíð sjálf, atvik þess og aðdraganda, eftir því sem fram hafi komið í rannsókn málsins.
2. Slysataeki (ketillinn), eðli þess, hættueiginleikar, ásigkomulag og ástand.
3. Hver beri ábyrgð á slysinu og afleiðingum þess.
4. Afleiðingar slyssins, heilsufar hins slasaða eftir slysíð og þá einnig heilsufar Jóns heitins fyrir slysdag.
5. Orsakasamband milli dauða Jóns heitins Guðjónssonar og hins upphaflega slyss.

Um 1. lið vísar stefnandi til aðiljaskýrslu Jóns heitins Guðjónssonar, skýrslu Ríkisspítalans í Kaupmannahöfn vegna Jóns heitins, tilkynningar Elliheimilisins sjálfs, vitnaskýrslna ýmissa vitna í málinu og vottorða læknanna Alfreðs Gíslasonar og Úlfars Þórðarsonar auk margra annarra dómsskjala í málinu. Telur stefnandi sannað, að slysíð hafi orðið vegna sprengingar í eldholi ketilsins og muni Jón heitinn hafa skolið upp að klefaveggnum og síðan skjögrað út úr klefanum af eigin rammleik.

Um 2. lið segir stefnandi, að hér hafi verið um að ræða olúkyntan gufuketil, sem notaður hafi verið í sambandi við þvottahús Elliheimilisins. Hann muni hafa verið háþrýstur, eða að minnsta kosti hættulegt tæki, ef nokkuð hafi borið út af, og sama sé að segja um kyndingarútbúnaðinn. Þess sé sérstaklega að geta, að ketillinn hafi verið gamall (upphaflega frá setuliðinu) og uppgerður og samanbrasaður ásamt með kynditækjum, sem stefndi hafi ekkert viljað eða getað upplýst um nánar. Um ketil þennan sé það helzt vitað, að hann hafi sífellt verið að bila, og neiti forstjórinn því ekki, að Jón heitinn hafi kvartað út af

þessu. Sennilega hafi ketillinn með tilheyrandi aldrei verið „tekinn út“ og líklega aldrei komizt í fullkomið lag. Stefndi hafi ekki gert öryggiseftirlitinu aðvart um bilanir eða leitað fyrir-mæla eða formlegra skoðana af þeim tilefnum. Reglubundnar skoðanir eftirlitsins virðast einkum hafa beint að gufuútbúnaðinum. Segir stefnandi, að það, sem hér skipti mestu máli, sé sú vanræksla stefnda að gera öryggiseftirlitinu ekki aðvart um slysið (sprenginguna), svo sem lögskylt var, sbr. lög nr. 23/1952.

Þá hefur stefnandi haldið því fram, að stefndi hafi beinlínis látið afmá ummerki á vettvangi með því að láta Vélsmiðjuna Steðja gera við hann fyrst og síðan kallað til skoðunarmenn þann 6. marz 1952. Af þessum sökum sé nú orðið erfitt eða næstum ókleift að rekja nánari orsakir sprengingarinnar eða hverju hafi verið áfátt sérstaklega eða hverju um hafi verið að kenna, enda hafi stefndi fjarlægð kyndingarútbúnaðinn næstu daga og hafi ekki til hans spurzt síðan.

Af þessum sökum heldur stefnandi því fram, að sönnunar-byrðin fyrir því, að tæki og umbúnaður hafi verið í lagi, hvíli óskorað á stefnda.

Um 3. lið segir stefnandi, að ábyrgð og skaðabótaskylda vegna slyssins sé að hans dómi óskoruð og fortakslaus hjá stefnda. Ekki komi til mála að telja hér vera um neina óhappatilviljun að ræða né heldur eigin sök eða óaðgæzlu í neinu tilliti. Orsökina sé bilun tækisins, sem stefndi beri einn og óskorað ábyrgð á. Í því sambandi sé á það að líta, að stefndi hafi verið atvinnurekandinn eða haft umrædda starfrækslu með höndum og notast í hagnaðarskyni við gömul, uppgerð, hættuleg tæki. Stefndi hafi aldrei komið tækjum þessum í öruggt stand þrátt fyrir sífelldar bilanir, sprengingar, og þrátt fyrir kvartanir og aðvaranir starfsmanns eða starfsmanna.

Ekki hafi stefndi heldur gert tilheyrandi ráðstafanir eða fyrir-sagnir um samfellda ábyrgða ketilgæzlu, sbr. 21. gr. laga nr. 23/1952, svo og samfelldar öryggisskoðanir, einnig og sérstaklega á þeim tækjahlutum, sem sífellt hafi verið að bila.

Stefnandi hefur bent á, að jafnvel þótt skoðunarmenn hafi ekki fengið aðstöðu eða tilefni til að skoða þann útbúnað sérstaklega, sem slysinu hafi valdið, eða rannsakað orsakir þess, þá hafi þó skoðunarovottorð þeirra, undan og eftir, sýnt ýmsa galla á umbúnaðinum að öðru leyti, til dæmis hafi stillingu á öryggisloka vantað og reykrofinn reynzt ónýtur.

Það atferli stefnda að henda slysatækjum og afmá ummerki

sprengingarinnar án þess að tilkalla öryggiseftirlitið og síðan beita tregðu um allar upplýsingar sé eitt út af fyrir sig nægjanlegt til þess að fella sönnunarbyrði og bótaskyldu á stefnda.

Loks hefur stefnandi bent á, að hin siðferðilegu viðhorf málsins leiði til sömu niðurstöðu. Það sé sanngirni og engin hæfa að láta ekkjuna og börnin óbætt hjá garði, eins og mál þetta hafi allt verið í pottinn búið frá fyrstu tíð og fram til þessa dags. Komi og almenn þjóðfélagssjónarmið um aðhald og öryggi mjög til greina við úrlausn þessa máls.

Um 4. liðinn segir stefnandi, að það hafi aldrei verið dregið í efa af læknum, að heilsubrestur Jóns heitins Guðjónssonar eftir slysið og næstu ár hafi stafað frá sprengingunni, sem hann hafi orðið fyrir á Elliheimilinu. Taki og Læknaráð af skarið um þetta.

Hefur fyrirsvarsmaður stefnanda eindregið mótmælt því, að Jón heitinn Guðjónsson hafi átt vanda til flogaveiki og aðsvifa fyrir slysið.

Um 5. lið segir stefnandi, að um þetta meginatriði málsins liggi einnig fyrir úrskurður Læknaráðs, en ráðið telji slysið og eftirfarandi heilsubrest af þess völdum vera að minnsta kosti meðverkandi orsök.

Ástæður fyrir því, að Jón heitinn hafi dregið það á langinn að leita skaðabóta hjá Elliheimilinu, telur stefnandi vera þá, að Jón heitinn hafi fyrst viljað sjá, hvernig heilsufari hans reiddi af, en það hafi ekki verið fyrr en um áramótin 1959—1960, að hann hafi fengið vitneskju um það, að ekki mundi frekari bata að vænta. Einnig hafi það komið til, að Jón heitinn hafi viljað halda vinnunni hjá stefnda, og batahorfur hafi að minnsta kosti í upphafi verið taldar góðar.

Stefndi hefur mótmælt því sem röngu, að olúkynding hjá stefnda hafi verið gölluð, að Jón heitinn hafi kvartað um þetta við forstjóra stefnda, að forstjórinn hafi sagt, að hann mundi athuga þetta eða láta athuga, að sprenging hafi orðið í eldholinu 28. febrúar 1952 og að Jón heitinn hafi meiðzt við slíka sprengingu.

Stefndi heldur því fram, að Jón heitinn hafi átt vanda til þess að fá aðsvif við vinnu. Hafi hann vafalaust fallið í öngvit og fengið heilahristing, en stefndi eigi þar enga sök á og beri enga ábyrgð á. Stefndi mótmælir því, að heilsutjón Jóns heitins stafi af sprengingunni, en auk þess vefengir stefndi, að Jón heitinn hafi beðið nokkurt heilsutjón við störf í þágu stefnda, enda hafi ekki verið um hættulegt starf að ræða.

Enginn sjónarvottur hafi verið að þeim atburðum, er Jón heitinn hafi veikzt. Stefndi bendir á, að þrátt fyrir áskorun í greinargerð þann 9. maí 1960 um, að Jón kæmi fyrir dóm til þess að gefa skýrslu um sakaratriði, hafi sækjandi látið það undir höfuð leggjast í tæpa þrjá mánuði, sem Jón heitinn hafi átt eftir ólifaða, en hann hafi andazt 21. júlí 1960. Eftir hann liggi hins vegar aðiljaskýrsla, ódagsett, en lögð fram 5. apríl 1960. Þessari aðiljaskýrslu hefur stefndi mótmælt sem rangri, óstaðfestri, og bent á, að hún sé ekkert sönnunargagn í máli þessu nema að því leyti, sem það sé viðurkennt þar, sem stefndi haldi fram.

Með hliðsjón af aðiljaskýrslu þessari svo og vitnaframburði Ágústs Frímanns Daníelssonar segir stefndi, að ekki verði betur séð en að Jón heitinn hafi sjálfur verið ketilgæzlumaður í tilviki þessu. Segir stefndi, að fráleitt virðist, að ketill þessi hafi fallið undir lög nr. 23/1952, 21. gr. Telur stefndi, að ketillinn hafi hvorki verið látinn ganga með yfirþrýstingi né að hitaflöturinn hafi verið 30 m² eða meira. Ketillinn hafi örugglega ekki verið svo stór og ósennilegt, enda eindregið mótmælt, að hann hafi verið látinn ganga með yfirþrýstingi. En jafnvel þótt svo hefði verið, þá sé þess að gæta, að á þessum tíma megi segja, að sams konar tæki (olíukynding) hafi verið í öðru hverju húsi á Íslandi. Engum hafi dottið í hug, að þessi tæki gætu haft verulega hættu í för með sér. Þess sé og að gæta, að stefndi sé ekki gróðafyrirtæki, heldur þjónustustofnun. Auðsætt sé, að því fari fjarri, að þessi ketill hafi verið hættulegt tæki í þeirri merkingu, að vinnuslys í sambandi við hann sé bótaskyld af hálfu atvinnurekenda.

Stefndi hefur haldið því fram, að upplýst sé, að ketillinn hafi verið í lagi þann 19. febrúar 1952, rúmri viku áður en Jón heitinn hafi veikzt. Þá hafi ketillinn verið skoðaður og segi á þá leið í skoðunarvottorði Öryggiseftirlits ríkisins, að þrýstimæli fyrir vatnssúlu skuli setja á vatnssuðupottinn og $\frac{3}{8}$ "— $\frac{1}{2}$ " rör frá yfirfalli úr kútnum við hann. *Annað sé í lagi.* Enda segi Öryggiseftirlit ríkisins í umsögn sinni, dags. 9. júlí 1965, að ekki verði séð, að neitt hafi verið talið athugavert við búnað eimketilsins, þegar þessi skoðun hafi verið gerð. Um eftirlit Jóns heitins Guðjónssonar með katlinum hefur lögmaður stefnda að öðru leyti vísað til skýrslu forstjóra stefnda, en þar segi um þetta atriði meðal annars, að ef umrædd kyndingartæki hafi ekki verið í lagi og öryggiseftirlitið ekkert viljað sinna málinu, þá hafi Jón heit-

inn Guðjónsson sem starfsmaður átt að sjá um, að þau væru sett í lag, annað hvort sjálfur eða fá menn til þess. Ef eitthvert óhapp hafi því komið fyrir með tækið, verði vanrækslu hans í starfi um að kenna.

Um sprenginguna sjálfa bendir stefndi á, að ekki sé fyrir því nokkur sönnun, að hún hafi átt sér stað. Slíkt sé allt byggt upp á rangri og óstaðfestri aðiljaskýrslu Jóns og röngum munnlegum staðhæfingum. Að vísu styðjist þessi sprengingartilgáta við vætti Ágústs F. Danielssonar, sem sé mótmælt sem röngu, og við eiðfest vætti Jóns Guðjónssonar, sem þó fullyrðir ekkert, heldur beri vætti sitt með þeim fyrirvara, að það sé „eftir því sem ég get bezt munað“. Enda sé þar um atburð að ræða, sem hafi gerzt fyrir meira en 14 árum. Þá séu og tvö vitni í málinu, Kjartan Einarsson og Einar Larsen, sem hafi borið, að engin merki hafi sézt um, að sprenging hafi orðið.

Þá bendir stefndi á það atriði, að Jón heitinn hafi verið að vinna í aðalbyggingu Elliheimplisins. Hafi hann þá séð út um glugga, að mikinn reyk lagði upp úr reyk háf þvottahússins og honum þá orðið ljóst, að ekki mundi allt vera með felldu með olíukyndinguna. Bendir stefndi á, að þá hafi Jón heitinn ætt út úr aðalbyggingunni og inn í ketilhúsið í stað þess að fara og kalla á slökkviliðið. Enginn hafi beðið hann um að gera það og geti stefndi ekki borið ábyrgð á svo undarlegu háttarlagi.

Þá hefur stefndi haldið því fram, að mál þetta hafi verið lagt skakkt fyrir Læknaráð, bæði 3. febrúar 1961 og 9. janúar 1964. Í báðum úrskurðunum sé ekki á það minnst, að því hafi verið harðlega mótmælt af stefnda, að nokkur sprenging hafi orðið og að Jón Guðjónsson hafi meiðzt við slíka sprengingu. Læknaráð hafi gengið út frá því, að úrskurðirnir séu byggðir á staðreyndum, og reisi matsgerð síni á því. Álit Læknaráðs sé því markleysa, enda hafi þá ekki verið komið fram vætti Alfreðs Gíslasonar um, að Jóni hafi verið aðsvifagjarnt fyrir „slysið“, sem nú sé sannað.

Þá er á það bent af hálfu stefnda, að Jón heitinn hafi eftir „slysið“ farið að vinna hjá stefnda aftur 1. apríl 1952 og hafi haldið því áfram eftir það, unz hann hafi farið á spítala 9. maí 1953. Síðan hafi hann byrjað aftur störf hjá stefnda 7. september 1953 og kvittað jafnan fyrir kaupum sínum athugasemdalaust og án nokkurs fyrirvara um stórfelldar skaðabótakröfur.

Það sé svo ekki fyrr en 6. júlí 1959, rúmum 7 árum eftir „slysið“, sem stefndi fái að heyra frá umboðsmanni sóknaraðilja,

að Jón telji sig eiga bótakröfu á hendur stefnda. Þrátt fyrir greiðslusynjun stefnda hafi sækjandi látið tímann líða, því að það sé ekki fyrr en 17. marz 1960, rúmum 8 árum eftir „slysið“, sem sækjandi gefi út utanréttarstefnu til þingfestingar 5. apríl 1960. Dráttur sækjanda á því máli hafi verið óhæfilegur og mála-tilbúnaður hans slíkur, að ekki hafi verið unnt að leggja efnisdóm á það. Meðal annars hafi sækjandi vanrækt svo sjálfsagðan hlut sem þann að láta meta örorku Jóns heitins og láta hann gefa skýrslu fyrir dómi.

Bendir stefndi á, að Jón heitinn Guðjónsson og sækjandi hafi með athöfnum sínum og athafnaleysi virzt hafa fyrirgert ímynduðum rétti Jóns og erfingja hans og maka til bóta, enda bendi tómlæti Jóns í 7 ár eindregið til þess, að honum hafi verið ljóst, að veikindi hans hafi ekki getað stafað af „slysinu“. Loks hefur stefndi hreyft því í greinargerð og hinum munnlega málflutningi, að bótakrafan í máli þessu sé fyrnd.

V.

Það verður að teljast sannað, að sprenging hafi orðið í gufukatli þeim, sem mál þetta fjallar um, þann 28. febrúar 1952 og að Jón heitinn Guðjónsson hafi slasast í þeirri sprengingu.

Þetta þykir mega ráða af:

- Skýrslu Jóns heitins Guðjónssonar sjálfs um slysið.
- Skýrslu forstöðumanns stefnda, sem kannast við að hafa heyrt umtal um slysið skömmu eftir það.
- Eiðfestu vætti Jóns Guðjónssonar rafvirkjameistara, Stóragarði 6, Reykjavík, sem hefur borið það að hafa séð ummerki eftir sprenginguna.
- Vætti Ágústs Frímanns Danielssonar, sem kveðst hafa heyrt sprenginguna.
- Vætti Kjartans Einarssonar, sem kveðst hafa verið meðal þeirra fyrstu, sem hafi komið að Jóni heitnum og séð hann mikið veikan.
- Vætti Karls Albertssonar um rifu á loki ketilsins, sem hann minnst að hafi komið eftir sprenginguna.
- Vætti Einars Larsens, sem kvaðst hafa heyrt, að slys hafi orðið og hafa komið á vettvang skömmu síðar og séð, að Jón heitinn hafði orðið fyrir áfalli.
- Tilkynningu stefnda um slysið, dags. 28. marz 1952, og læknisvottorði Alfreðs Gíslasonar, dags. 23. marz 1952, til Tryggingastofnunar ríkisins.

i. Öðrum gögnum málsins, einkum hinum læknisfræðilegu, sem benda í sömu átt.

Er ofangreind sprenging varð, höfðu lög nr. 23/1952 um öryggisráðstafanir á vinnustöðum nýlega öðlazzt gildi, en fyrir þann tíma voru í gildi lög um svipað efni nr. 24/1928 um eftirlit með verksmiðjum og vélum og reglugerð nr. 10/1929.

Samkvæmt 26. gr. laga nr. 23/1952 bar vinnuveitanda að tilkynna öryggiseftirlitinu um slysið svo fljótt sem verða mátti og eigi síðar en einum sólarhring eftir að slysið skeði.

Þessari skyldu lét forstöðumaður stefnda undir höfuð leggjast að gegna, enda þótt honum væri um það kunnugt, að slys hefði átt sér stað vegna sprengingarinnar.

Á hinn bóginn virðist öryggiseftirlitið hafa komið á vettvang þann 6. marz 1952, en ekki verður séð af málsskjöllum með nokkurri vissu, af hvaða sökum það hefur verið né hver hefur kallað það á vettvang.

Ekki var heldur krafizt opinberrar rannsóknar í samræmi við 12. tl. 2. gr. laga nr. 27/1951, sbr. nú 12. tl. 2. gr. laga nr 82/1961, svo sem þó hefði verið rétt.

Á hinn bóginn sýna skjöl málsins það, að allumfangsmikil viðgerð hefur farið fram á vegum Vélsmiðjunnar Steðja á kyndikötlum hjá stefnda á tímabilinu 28. febrúar 1952 til 8. marz 1952, og sýna gögn þessi, að einnig hafi verið gert við gufuketil þann, sem að ofan greinir (pakkningar á hæðarglas), enda þótt ekki komi glöggt fram, hve viðtæk sú viðgerð hefur verið. Er því öruggt, að meiri eða minni viðgerð hafi farið fram á gufukatlinum, sem var eini gufuketillinn á Elliheimilinu, og er mjög líklegt, að viðgerð þessi hafi að einhverju eða öllu leyti farið fram fyrir 6. marz 1952, þ. e. áður en öryggiseftirlitið kom á vettvang í fyrsta sinn eftir slysið.

Það atferli stefnda að láta gera við ketilinn á þann hátt, sem að ofan greinir, leiddi eða hefði getað leitt til spjalla á sönnunargögnum og var því mjög vítavert, eins og á stóð.

Þar sem ætla má, að atvik að slysinu svo og önnur mikilvæg atvik í því sambandi hefði verið unnt að upplýsa, ef stefndi hefði fylgt þeim meginatriðum, sem hér að ofan voru rakin og honum bar skylda til að gera, þá verður nú að leggja skýrslu Jóns heitins Guðjónssonar til grundvallar um málsatvik, enda þótt óstaðfest sé, svo langt sem hún nær.

Það þykir ljóst, að sprenging hafi orðið í eldhólfi ketilsins, en ekki í gufukerfinu sjálft umrætt sinn.

Samkvæmt 10. gr. laga nr. 24/1928 voru slíkir eimkatlar, sem mál þetta fjallar um, gæzlu- og eftirlitsskyldir svo og búnaður þeirra allur samkvæmt 11. gr. sömu laga in fine.

Samkvæmt 21. gr. laga nr. 23/1952 var ketill þessi, sem vann með yfirþrýstingi, í skilningi sömu greinar einnig gæzlu- og eftirlitsskyldur, þótt með nokkuð öðrum hætti sé.

Telja verður, að þetta gildi einnig um búnað ketilsins, enda þótt slíkt segi ekki berum orðum í 16. gr. sömu laga, þar sem slíkur skilningur samrýmist forsögu þess ákvæðis og kyndikerfi ketilsins órjúfanlegur hluti eimketilsins sjálfs.

Jón heitinn Guðjónsson, sem var rafvirkjameistari að atvinnu, hefur sagt í skýrslu sinni, að starfssvið hans hjá stefnda hafi verið það að halda við rafmagnslögnum og tækjum, en einnig hafi hann verið við viðhald á vélum, ef tími hafi unnizt til og með þurfti, enda þótt það hafi ekki tilheyrt hans fagi, þar á meðal hafi verið oliukynding, sem hafi hitað upp gufuketil þann, sem málið fjallar um.

Skjöl og atvik málsins þykja benda til þess, að ketillinn hafi verið undir 30 m² að hitafleti, enda hefur því ekki verið mót-mælt, en þrátt fyrir það var ketill þessi gæzluskyldur samkvæmt 3. mgr. 21. gr. laga nr. 23/1952 þannig, að þeir, sem á eigin ábyrgð gæta slíkra katla, verða að hafa hlotið þeirrar menntunar, sem öryggismálastjóri tekur gilda, eða að sanna honum á annan hátt kunnáttu sína, til dæmis með því að ganga undir próf hjá honum, nema þær óviðráðanlegu ástæður eigi við, sem greinin fjallar um.

Með hliðsjón af menntun Jóns heitins Guðjónssonar og miðað við þann tíma, sem slysið skeði, svo og með hliðsjón af skýrslu hans sjálfs, sem verður hér lögð til grundvallar, verður á því byggt, að Jón heitinn hafi ekki haft þá þekkingu, sem nefnd grein tilskilur, enda er á það að líta, að stefndi hvorki hefur sannað né veitt neinar viðhlítandi líkur fyrir hinu gagnstæða.

Þá er þess að geta, að samkvæmt 17. gr. laga nr. 24/1928 bar að hafa eftirlitsbók með katli þessum, og skyldi færa í hana ýmis atriði, sem ketillinn varðaði, svo sem viðgerðir o. fl.

Bók þessi, sem hefði getað veitt mikilvægar upplýsingar, hefur ekki verið lögð fram í málinu.

Ekki verður nú sagt um það með neinni vissu, hvað sprenging-unni hafi valdið umrætt sinn, en eins og á stendur, verður að reisa dóm á því, að orsakir sprengingarinnar megi rekja til ófull-

nægjandi eftirlits af hálfu kunnáttumanns, og er það raunar langlíklegasta orsökkin.

Það er skoðun dómsins, að séu katlar, sem hér um ræðir, eigi undir fullkomnu eftirliti og viðhaldi, geti mjög auðveldlega skapast hættuástand, og á þetta ekki sízt við um uppgerða gamla katla, svo sem mál þetta fjallar um.

Þeirri málsástæðu stefnda, að Jón heitinn hafi sjálfur verið ketilgæzlumaður og sem slíkur átt að sjá um, að ketillinn væri í lagi, verður að hafna.

Að vísu er það svo, að Jón heitinn Guðjónsson virðist hafa í raun sinnt katli þessum eitthvað, eftir því sem hann hefur haft þekkingu til, enda almennur viðgerðarmaður heimilisins, en ósannaðar eru með öllu þær fullyrðingar stefnda, að Jóni heitnum hafi borið starfsskylda til að kveðja til kunnáttumenn til viðgerðar á katlinum, ef eitthvað bæri út af.

Það verður að teljast mikið gáleysi af hálfu stefnda að láta það viðgangast, að eigi var haft neitt eftirlit með katlinum, annað en það, sem Jón heitinn annaðist sjálfur, en bæði verður að telja, að hann hafi brostið þekkingu til að gera sér grein fyrir hættueiginleikum ketilsins svo og nauðsyn þess að halda honum í fullkomnu lagi. Enn fremur er ekki sannað, að Jón heitinn hafi haft kunnáttu til að annast viðhald ketilsins með viðhlítandi hætti.

Stefnda bar að sýna sérstaka aukna varúð með ketil þennan ásamt fullnægjandi eftirliti með honum af hálfu kunnáttumanns samkvæmt 3. mgr. 21. gr. laga nr. 23/1952, og var sú skylda hans brýnni fyrir þá sök, að Jón heitinn hafði starfsaðstöðu í ketilherberginu sjálfu og var því ofurseldur hættueiginleikum ketilsins.

Af þessum sökum verður að fella bótaábyrgð á stefnda.

Ekki er unnt að fallast á þá málsástæðu stefnda, að krafa stefnanda sé að nokkru leyti eða öllu niður fallin vegna tómlætis.

Að vísu hefur ekki verið sannað, að stefndi hafi verið krafinn bóta út af slysinu fyrr en með bréfi lögmanns Jóns heitins, dags. 6. júlí 1959.

Sé hins vegar litið til sjúkrasögu Jóns heitins Guðjónssonar, þá verður ljóst, að hann hefur haft góðar vonir um bata fyrstu árin eftir slysið, en síðan er svo að sjá, að heilsu hans hafi sífellt hrakað með vaxandi sljóleika af völdum heilaskemmdar.

Af gögnum málsins þykir einnig mega ráða það, að aflahæfi

Jóns heitins hafi verið stórlega skert eftir slysið. Stundum hefur hann verið alls ófær til vinnu, en í annan tíma hefur hann stundað vinnu að ákveðnu marki.

Þegar á þetta er litið, þykir ekki óeðlilegt, þótt Jón heitinn hafi dregið það að gera bótakröfur á hendur stefnda, þar til séð varð með vissu, að frekari bata yrði ekki að vænta, en samkvæmt skjölum málsins sýnist það fyrst hafa komið í ljós með skoðunum Kristjáns Þorvarðssonar læknis í janúar 1959 samkvæmt vottorði hans, dags. 22. október 1960.

Hefur því dráttur stefnanda á málssókn þessari verið nægjanlega réttlættur.

Fyrningu var slitið á kröfunni í fyrra málinu með stefnu, birtri 30. marz 1960, sbr. 11. gr. laga nr. 14/1905, og hefur stefnandi haldið kröfu sinni nægjanlega til laga þar á eftir. Er því ekki unnt að fallast á það með stefnda, að stefnukrafan eða hluti hennar sé fyrndur.

Eins og að ofan er rakið, þá hefur stefndi vefengt, að Jón heitinn hafi beðið nokkuð heilsufarslegt tjón af völdum sprengingarinnar, og hefur í því sambandi haldið því fram, að sannað sé í málinu, að Jón heitinn hafi átt vanda til að fá aðsvif við vinnu fyrir slysið.

Stefndi virðist byggja þessa málsástæðu sína á vottorði Alfreðs Gíslasonar læknis, dags. 1. apríl 1953, en efni þess var áður rakið. Í vottorði þessu kemur fram, að fyrir slysið hafi Jón heitinn verið slæmur af gyllinæð um tíma og hafi hann þá fengið aðsvif í sambandi við hægðir og einnig hafi hann fengið aðsvif fyrir átta árum, líka í sambandi við hægðir.

Með hliðsjón af hinum læknisfræðilegu gögnum málsins svo og vitnaskýrslum og vottorðum telja dómendur nægjanlega sannað, að heilsuleysi Jóns heitins eftir slysið hafi átt rætur sínar að rekja til slyss þess, sem í málinu greinir.

Enda þótt Jón heitinn hafi fengið aðsvif í sambandi við gyllinæð einhvern tíma fyrir slysið, þá hnekkir það ekki þessari niðurstöðu, enda er hvort tveggja, að yfirlið í sambandi við mikinn sársauka eru ekki óalgeng meðal fullfrískra manna, og engin rök liggja til þess, að aðsvif hafi getað verið orsök slyssins.

Hefur því stefndi engar viðhlítandi líkur fært fyrir því, að um aðrar orsakir til heilsubrestsins geti verið að tefla en ketilsprengringin.

Þá telur dómurinn einnig, að sannað sé orsakasamband milli slyssins og dauða Jóns heitins Guðjónssonar. Við mat á orsaka-

sambandinu hefur einkum verið höfð í huga ályktun Læknaráðs, sú, sem að framan er rakin, vottorð Kristjáns Þorvarðssonar, dags. 22. október 1960, og krufningarskýrsla Jóns heitins, en einnig hefur verið stuðzt við önnur læknisfræðileg gögn.

Sá atburður, að Jón heitinn fór inn í ketilhúsið umrætt sinn, þegar sprengingin varð, til þess að firra tjóni og koma í veg fyrir hættuástand, sem hafði skapazt, getur ekki orðið grundvöllur til sakarskiptingar, enda ber í þessu sambandi að líta á starfssvið Jóns heitins hjá stefnda svo og vinnustað hans þar í ketilherberginu. Ekki verður heldur séð, að önnur atvik málsins leiði til sakarskiptingar.

Er því málsástæðu stefnda, sem að þessu atriði beinist, hrundið.

Samkvæmt því, sem nú hefur verið rakið, hvílir á stefnda óskoruð bótaábyrgð, og verða nú einstakir kröfuliðir teknir til athugunar.

VI.

Um lið nr. 1.

Stefnandi reisir lið þennan á áliti læknanna Úlfars Þórðarsonar og Þórarins Sveinssonar um örorkutjón Jóns heitins Guðjónssonar og örorkuútreikningum Guðjóns Hansens, byggða á áliti tveggja fyrrgreindra lækna á örorkutjóni Jóns heitins. Er efni gagna þessara ítarlega rakið hér að framan.

Stefndi hefur mótmælt þessum lið sem fjarstæðu. Heldur stefndi því fram, að sækjandi hafi ekki látið fara fram neitt örorkumat á Jóni heitnum Guðjónssyni, meðan hann hafi lifað, en lagt fram við þingfestingu þess máls ágizkun Úlfars Þórðarsonar læknis þess efnis, að starfsorka Jóns væri „um 50% að mínum dómi miðað við fyrri getu“. Hefur stefndi haldið því fram, að nefndur Úlfar hafi ekki verið fær um að framkvæma örorkumat. Þá hefur stefndi mótmælt vottorði þessu sem röngu og óstaðfestu.

Þá hefur stefndi og mótmælt örorkumati Þórarins Sveinssonar sem röngu og óstaðfestu og algerlega þýðingarlausu, þótt staðfest yrði. Hefur hann haldið því fram, að málið hafi verið lagt skakkt fyrir Þórarin Sveinsson. Hann segi, að því sé „slegið föstu, að Jón hafi hinn 28. febrúar 1952 orðið fyrir höfuðáverka, er sprenging hafi orðið í gufukatli í kyndiklefa Elliheimilisins Grundar“. Bendir stefndi á, að þetta sé með öllu ósatt.

Það er álit dómsins, að aflahæfi Jóns heitins Guðjónssonar hafi verið stórlega skert eftir slysið.

Áður hefur verið rætt efni vottorðs þess, sem Jón heitinn undirritaði þann 10. apríl 1953 til þess að geta haldið vinnunni hjá stefnda. Sýnir vottorð þetta einkar glöggt, að Jón heitinn hefur þegar á þessum tíma átt í vök að verjast með vinnu sína.

Þegar á þetta er litið, en jafnframt höfð í huga sjúkrasaga Jóns heitins, þá þykir örorkuáætlun Þórarins Sveinssonar læknis ekki of há metin, en hún verður höfð til hliðsjónar við ákvörðun bóta.

Þegar hins vegar litið er til skattfrelsis bóta þessara og þess hagræðis, að bæturnar eru greiddar í einu lagi, svo og annarra atriða, sem máli skipta, þá þykir bera að taka þennan lið til greina með kr. 130.000.00.

Um lið nr. 2, útlagðan kostnað, einkum vegna ferðar til Kaupmannahafnar, áætlaðar kr. 50.000.00. Engir reikningar hafa verið lagðir fram, sem styðja lið þennan. Hefur fyrirsvarismaður stefnanda lýst því í hinum munnlega málflutningi, að reikningum þessum hafi ekki verið haldið til haga. Stefndi hefur mótmælt lið þessum algerlega. Hefur hann bent á, að hann sé algerlega vanreifaður og hefur aðallega krafizt frávísunar á þessum lið, en til vara sýknu.

Af skjölum málsins er ljóst, að stefnandi hefur farið í brýnum erindum og að ráði lækna að minnsta kosti tvisvar til Kaupmannahafnar til lækninga og eftirlits. Þykir augljóst, að hann hafi orðið fyrir útgjöldum í því sambandi. Eftir öllum atvikum þykir hæfilegt að taka lið þennan til greina með kr. 15.000.00.

Um liði nr. 3 og 4, skaðabætur vegna þjáninga og sársauka og vegna röskunar á stöðu og högum, skerðing heimilis- og lífshamingju, samtals kr. 240.000.00.

Skaðabætur samkvæmt þessum liðum þykir rétt að ákveða í einu lagi. Stefndi hefur mótmælt þessum kröfum sem fjarstæðu. Hefur hann haldið því fram, að Jón heitinn hafi ekki orðið fyrir neinni röskun á stöðu og högum, heldur haldið atvinnunni hjá stefnda þrátt fyrir slysið. Þá hefur stefndi á það bent, að skerðing heimilis- og lífshamingju sé sálarlegt tjón, sem ekki sé bótaskyld.

Hér að framan hefur meiðslum stefnanda og afleiðingum þeirra verið lýst og sjúkrasaga hans rakin eftir þeim gögnum, sem fyrir liggja. Af gögnum þessum verður séð, að Jón heitinn hafi iðulega verið sárþjáður, fyrst framan af af höfuðkvölum og tíðum krampaköstum, en er á leið hefur fylgt í kjölfarið vaxandi sljóleiki af völdum heilaskemmdar. Þá er og ljóst, að Jón

heitinn hefur orðið fyrir mikilli röskun á stöðu og högum, og hefur það verið rakið kyrfilega hér að framan. Verður mótmælum stefnda hér að lútandi ekki sinnt.

Á hinn bóginn er á það að líta, að bætur þessar geta ekki miðazt við lengri tíma heldur en til dánardægurs Jóns heitins Guðjónssonar. Verður að lækka bæturnar með tilliti til þess.

Loks er að geta þess, að Jón heitinn hafði höfðað mál út af kröfum þessum, áður en andlát hans bar að garði. Hefur því kröfu þessari réttilega verið haldið til laga samkvæmt 3. mgr. 264. gr. laga nr. 19/1940.

Eftir öllum atvikum þykja bætur samkvæmt þessum lið hæfilega ákveðnar kr. 60.000.00. Ekki verða bætur ákveðnar sérstaklega fyrir skerðingu heimilis- og lífshamingju.

Um lið nr. 5, krafa ekkju fyrir missi framfæranda, kr. 941.066.00, verðmæti samanlagðra ekkjubóta og mæðralauna, kr. 63.000.00, þ. e. samtals kr. 878.066.00.

Stefnandi styður kröfur sínar samkvæmt þessum lið við örorkuútreikning Guðjóns Hansens tryggingafræðings, þann sama og að framan greinir. Útreikningum þessum hefur stefndi mótmælt sem röngum og fjarstæðukenndum ágizkunum. Hefur hann bent á, að engin skattframtöl liggi frammi, enda þótt hann hafi skorað á sækjanda að leggja þau fram frá 1947 til 1960. Þá hefur stefndi bent á, að eftir sé að lækka kröfu þessa með hliðsjón af skattfrelsi bóta.

Við ákvörðun bóta eftir þessum lið verða hafðir í huga örorkuútreikningar Guðjóns Hansens, enda hafa ekki komið fram nægjanlega rökstudd mótmæli gegn útreikningum þessum. Annars vegar ber að hafa í huga skattfrelsi bóta þessara, það hagræði að fá þær greiddar í einu lagi og þær bætur, sem dánarbúið fær tildæmdar í máli þessu, en hins vegar, að ekkjan hafði þrjú börn á framfærslualdri, þegar dauða Jóns bar að höndum, þar af raunar eitt stálpað, og ekkjan hefur eigi gifzt að nýju, þykja bætur samkvæmt þessum lið hæfilega ákveðnar kr. 620.000.00, og hafa þá verið dregin frá verðmæti samanlagðra ekkjubóta og mæðralauna.

Um lið 6, krafa ekkju fyrir röskun á stöðu og högum, kr. 250.000.00.

Stefndi hefur mótmælt kröfu þessari sem rangri og algerlega órökstuddri.

Það þykir ljóst, að ekkjan hefur orðið fyrir mikilli röskun á stöðu og högum við fráfalið manns síns.

Sé litið til aldurs ekkjunnar, þegar andlát Jóns heitins Guðjónssonar bar að höndum, svo og hags hennar að öðru leyti, þá þykja bætur hæfilega ákveðnar samkvæmt þessum lið kr. 110.000.00.

Um liði nr. 7—10 og lið nr. 12.

Stefndi hefur mótmælt öllum kröfum samkvæmt þessum liðum sem fjarstæðukenndum ágizkunum og órökstuddum.

Telja verður, að þau Ingibjörg, Ásdís og Guðjón eigi rétt á bótum úr hendi stefnda vegna missis framfæranda, sem fari fram úr hinu lögskipaða meðlagi frá almannatryggingum, enda verður að reikna með því, að verðmæti þeirrar framfærslu, sem þau hefðu notið frá föðurnum, hefði numið hærri upphæð en því nemur.

Þegar þau atriði eru virt, sem hér skipta máli, þykja bætur hæfilega ákveðnar í einu lagi fyrir missi fyrirvinnu og röskun á stöðu og högum kr. 90.000.00 til Ásdísar Jónsdóttur, kr. 75.000.00 til Ingibjargar Jónsdóttur og kr. 40.000.00 til Guðjóns Jónssonar.

Um lið nr. 11, jarðarfararkostnað, áætlaður kr. 10.000.00. Stefndi hefur aðallega krafizt frávísunar á lið þessum vegna vanreifunar, þar sem engin gögn fylgi þessari kröfu, en til vara hefur stefndi krafizt sýknu.

Það er að vísu svo, að engin gögn hafa verið lögð fram í málinu, sem styðja kröfu þessa. Þó þykir mega á því byggja, að nokkur kostnaður hafi orðið í sambandi við útför Jóns heitins, og þykir mega taka þessa kröfu til greina með kr. 4.000.00.

Niðurstaða málsins verður því sú, að stefndi verður dæmdur til að greiða stefnendum samtals kr. 1.144.000.00.

Þar sem mikill dráttur varð á því, að málið út af kröfuliðum 1—4 hér að framan var höfðað, telst ekki rétt að dæma vexti af þessum fjárhæðum nema frá birtingu stefnu í fyrra málinu, þ. e. frá 30. marz 1960, en vexti af kröfuliðum 5—12 frá 21. júlí 1960. Stefndi verður því dæmdur til að greiða 7% ársvexti af kr. 215.000.00 frá 30. marz 1960 til 21. júlí 1960, en af kr. 1.144.000.00 frá þeim degi til 1. janúar 1965, 6% ársvexti frá þeim degi til 1. janúar 1966, en 7% ársvexti frá þeim degi til greiðsludags.

Loks ber að dæma stefnda til að greiða stefnanda í málskostnað kr. 150.000.00.

Um aðild málsins athugast, að lögmaður stefnanda hefur lýst því yfir, að Guðrún Guðmundsdóttir sitji í óskiptu búi eftir Jón heitinn Guðjónsson.

Dóm þennan kváðu upp Stefán M. Stefánsson, fulltrúi yfirborgardómara, ásamt meðdómendum Agnari Norland skipaverkfræðingi og Gunnari Guðmundssyni yfirlækni.

Dómsorð:

Stefndi, Elli- og hjúkrunarheimilið Grund, greiði stefnanda, Guðrúnu Guðmundsdóttur f. h. dánarbús Jóns Guðjónssonar og vegna sjálfrar sín persónulega og f. h. ófjárráða barna, Ingibjargar og Ásdísar, og lögráða sonar, Guðjóns, kr. 1.144.000.00 með 7% ársvöxtum af kr. 215.000.00 frá 30. marz 1960 til 21. júlí 1960, en af kr. 1.144.000.00 frá þeim degi til 1. janúar 1965, 6% ársvöxtum frá þeim degi til 1. janúar 1966, en 7% ársvöxtum frá þeim degi til greiðsludags, og kr. 150.000.00 í málskostnað, allt innan 15 daga frá lögbirtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.

Miðvikudaginn 18. desember 1968.

Nr. 106/1968. **Örn Bjartmars Pétursson**
(Guðmundur Pétursson hrl.)

gegn

Margréti Guðmundsdóttur og gagnsök
(Sveinn H. Valdimarsson hrl.).

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómara Hæstaréttar.

Vinnulaun. Uppsögn úr starfi.

Dómur Hæstaréttar.

Aðaláfrýjandi hefur áfrýjað máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 4. júní 1968 og krefst sýknu af kröfum gagnáfrýjanda og málskostnaðar úr hennar hendi bæði í héraði og fyrir Hæstarétti.

Gagnáfrýjandi hefur áfrýjað máli þessu með stefnu 4. júní 1968 og krefst þess, að aðaláfrýjanda verði dæmt að greiða henni kr. 28.890.00 með 7% ársvöxtum frá 2. nóvember 1966 til greiðsludags og málskostnað í héraði og hér fyrir dómi.